

**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ**

**ÁRSSKÝRSLA**

**2009**



**ÁRSSKÝRSLA**  
**LANDLÆKNISEMBÆTTISINS**



**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ**

**2010**

# EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDLÆKNI.....	5
<b>I. UM LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ</b> .....	7
Umgjörð og yfirstjórn .....	7
Úr starfi embættisins .....	7
Samstarf um rannsóknir og fræðslu .....	12
Alþjóðlegt samstarf .....	13
Almannavarnir .....	13
<b>II. GÆÐI OG ÖRYGGI</b> .....	14
Gæði heilbrigðisþjónustu .....	14
Aðgerðir til að efla öryggi í heilbrigðisþjónustu .....	15
Eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustu .....	15
Rekstur í heilbrigðisþjónustu .....	18
Lyf og lyfjaeftirlit .....	18
Lækningatæki .....	19
Klínískar leiðbeiningar .....	19
Meðferð og þjónusta .....	21
<b>III. SÓTTVARNIR</b> .....	22
Farsóttaskráning og farsóttagreining .....	22
Árstíðabundin influensa .....	22
Heimsfaraldur influensu .....	22
Skráningar- og tilkynningarskyldir sjúkdómar .....	24
Bólusetningar .....	26
Sýklalyfjanoðkun og sýklalyfjaónæmi .....	26
Opinberar sóttvarnaráðstafanir .....	27
Fræðsla um alnæmi og aðra kynsjúkdóma .....	28
Alþjóðasóttvarnir .....	28
Tilkynningarskyldir sjúkdómar 2004–2009. Tafla .....	29
<b>IV. HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐI</b> .....	30
Heilbrigðisskrár og úrvinnsla þeirra .....	30
Birting heilbrigðisupplýsinga .....	33
Flokkunarkerfi .....	34
<b>V. KVARTANIR OG KÆRUR</b> .....	35
Kvörtunarleiðir .....	35
Kvartanir og kærur 2009 .....	35
<b>VI. HEILSUVERND OG FORVARNIR</b> .....	37
Breytingar á ung- og smábarnavernd .....	37
Ýmis samstarfsverkefni um forvarnir og lýðheilsu .....	38
Sjálfsvígisforvarnir — Þjóð gegn þunglyndi .....	38
<b>VII. ÚTGÁFA</b> .....	40
Rit og skýrslur .....	40
Bæklingar .....	41
Veggspjald .....	41
Fréttabréf .....	41
Dreifibréf og leiðbeiningar .....	41
Skrár og flokkunarkerfi .....	42
Tölur með tölulegum upplýsingum .....	42
<b>VIII. FJÁRHAGUR</b> .....	44
<b>VIÐAUKAR</b> .....	45

*Ársskýrsla Landlæknisembættisins 2009*

ISSN 1670-746X

**Útgefandi:**

Landlæknisembættið

Austurströnd 5

170 Seltjarnarnes

2010

**Ritstjóri:**

Jónína Margrét Guðnadóttir

**Útlit, umbrot:** Landlæknisembættið

**Kápa:** Auglýsingastofa Þórhildar

**Myndir:** Landlæknisembættið og  
LSH (Þórdís Erla Agústs dóttir og  
Inger Helene Boasson)



Árið 2009 var fyrsta heila ár kreppunnar hér á landi. Atvinnuleysi jókst frá því að vera 1-2% upp í 9-10%. Neikvæð áhrif atvinnuleysis á heilsufar er þekkt frá öðrum löndum. Á móti koma jákvæð áhrif, svo sem fækkun umferðarslysa og minnkandi áfengis- og tóbaksneysla.

Hópur fólks hittist reglulega hjá Landlæknisembættinu og rýndi í tölur og ræddi hugsanleg áhrif kreppunnar á heilsufar, en þá ekki síður heilbrigðisþjónustuna, sem varð fyrir verulegri skerðingu á fjárframlögum. Frá upphafi kreppunnar lagði Landlæknisembættið höfuð áherslu á að grunnheilsugæslan og viðkvæmir þættir, svo sem þjónusta við aldraða og geðsjúka, yrði fyrir sem minnstum skakkaföllum. Jafnframt var fylgst með tölum eins og biðlistum eftir aðgerðum og lyfjanotkun landsmanna. Í sem skemmstu máli má segja að jákvæð þróun varðandi styttingu biðlista hélt áfram á árinu þrátt fyrir erfiðleikana. Þá var ekki að sjá nein áhrif kreppunnar á heildarnotkun geðlyfja. Í byrjun kreppunnar sást aukin aðsókn að bráðamóttöku Landspítala og að geðdeild Landspítala, en annað kom á óvart, svo sem fækkun innlagna á geðdeild þrátt fyrir erfitt ástand.

Landlæknisembættið þurfti að sæta verulegri skerðingu fjárframlaga eða í sama mæli og aðrar stofnanir ráðuneytisins, sem ekki veita klíniska þjónustu. Var þetta sérlega óheppilegt vegna verulega aukinna verkefna sem réðust af því ástandi sem að ofan greinir. Langmestur hluti kostnaðar við rekstur embætta eins og Landlæknisembættisins eru laun. Vegna mikils aðhalds hjá embættinu á síðustu árum var af litlu að taka til sparnaðar, strangt aðhald hefur verið varðandi eftirvinnu, bílastyrkir engir o.s.frv. Því var aðeins í stöðunni að segja upp fólki eða semja um minnkað starfshlutfall. Í samráði við starfsfólk var síðari leiðin valin, en hvert svið þurfti síðan að forgangsraða verkefnum í samræmi við minna vinnuframlag.

Vegna hins skæða inflúensufaraldurs mæddi hvað mest á sóttvarnalækni og hans fólki á árinu. Óvissan var mikil og reynt var að hafa viðbúnað sem öflugastan. Í heild má segja að vel hafi til tekist, en inflúensufaraldurinn var skæðari og lagðist þyngra á fólk en margur hyggur, sbr. þann mikla fjölda sem innlagður var á gjörgæsludeild.

Í lok árs lét undirritaður af störfum en við tók dr. Geir Gunnlaugsson, sem áður gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar heilsuverndar barna og var jafnframt prófessor við Lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Framundan eru spennandi tímar hjá Landlæknisembættinu, sem ráðgert er að sameinist Lýðheilsustöð í lok ársins 2010. Undirritaður óskar nýjum landlækni og starfsfólki Landlæknisembættisins allra heilla á nýju ári.

Seltjarnarnesi í nóvember 2010,

**Matthías Halldórsson**

settur landlæknir árið 2009

Ég vil þakka Matthíasi Halldórssyni gott starf við embætti landlæknis í rúma tvo áratugi. Það er mér heiður en einnig áskorun að fylgja í fótspor hans og fyrirrennara til að takast á við þau margvíslegu verkefni sem embættinu samkvæmt lögum er ætlað að sinna.

Fyrirhuguð sameining embættisins og Lýðheilsustöðvar er jákvætt skref sem gefur margvíslega möguleika á að bæta og efla heilbrigðisþjónustuna og lýðheilsu landsmanna. Sameiningin gerist á mikilvægum tímamótum í sögu embættisins en það heldur upp á 250 ára afmæli sitt á árinu 2010. Á nýju ári gefst því sögulegt tækifæri til að horfa til fortíðar og nútíðar samtímis því að við byggjum upp nýtt embætti til framtíðar.



Seltjarnarnesi í nóvember 2010,  
**Geir Gunnlaugsson** landlæknir

# I. UM LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

## Umgjörð og yfirstjórn

Um starfsemina sem fram fer innan vébanda Landlæknisembættisins gilda annars vegar lög um landlækni nr. 41/2007 og hins vegar sóttvarnalög nr. 19/1997, með breytingum nr. 43/2007, auk þess sem skipulag heilbrigðisþjónustunnar í heild lýtur ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Í kjölfar lagasetningarinnar árið 2007 voru samþykktar fjölmargar nýjar reglugerðir og því má segja að laga- og reglugerðarumhverfi embættisins hafi gjörbreyst á tiltölulega skömmum tíma.

Landlæknisembættið starfaði á árinu 2009 eftir sama stjórnskipulagi og gilt hefur frá því í ársbyrjun 2006. Samkvæmt því skiptist starfsemi embættisins í stjórnunarsvið og fjögur fagsvið, gæða- og lýðheilsusvið, sóttvarnasvið, heilbrigðisbólfræðisvið og fjármálasvið. Hverju sviði er stýrt af framkvæmdastjóra sem ásamt landlækni og aðstoðarlandlækni mynda framkvæmdastjórn. Sóttvarnalæknir, sem starfar samkvæmt sérstökum lögum, stýrir sóttvarnasviði.

Þrátt fyrir skiptingu í fagsvið eru verkefni embættisins þess eðlis að þau varða velflest sviðin. Þar á meðal má nefna leiðbeiningar og eftirlit, vísindarannsóknir og alþjóðlegt samstarf.

Allt árið 2009 gegndi Matthías Halldórsson stöðu landlæknis sem settur landlæknir og Kristján Oddsson, sérfræðingur í heimilislækningum og kvensjúkdómum, var settur aðstoðarlandlæknir á sama tíma. Fyrir lá að Matthías gegndi stöðunni þar til nýr landlæknir yrði ráðinn. Staða landlæknis var auglýst til umsóknar í byrjun nóvember og tók nýr landlæknir við starfinu frá og með 1. janúar 2010. Að öðru leyti hélst stjórn embættisins óbreytt árið 2009 frá því sem verið hafði um nokkurra ára tímabil.

Þegar á seinni hluta ársins 2008 var farið að brydda upp á hugmyndum um sameiningu stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið. Hugmyndir þessar tóku smám saman að mótast á árinu 2009

og í ágústlok skipaði heilbrigðisráðherra starfsnefnd til að gera tillögur um breytta skipan stjórnsýslustofnana ráðuneytisins. Nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember og samkvæmt þeim var gert ráð fyrir sameiningu Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar.

## Úr starfi embættisins

### Starfsmenn

Árið 2009 störfuðu 35 starfsmenn við Landlæknisembættið í rúmlega 30 stöðugildum, níu karlar og 26 konur. Meðalaldur fastráðinna starfsmanna í árslok var rúmlega 52 ár. Að auki störfuðu þeir verktakar fyrir embættið. Sjá nánar Viðauka, bls. 45.

Starfsmannafélag er starfrækt hjá Landlæknisembættinu og stendur það fyrir samkomum og ýmiss konar félagsstarfi. Vorið 2009 tóku starfsmenn virkan þátt í vinnustaðakeppninni Lífshlaupinu, landskeppni um hreyfingu. Einnig tók hluti starfsmanna þátt í átakinu Hjólað í vinnuna í maí-mánuði.

Starfsmannafundir eru haldnir í nær hverri viku að vetrarlagi. Á fundunum er miðlað upplýsingum til starfsfólks frá framkvæmdastjórn og rætt um mál efni embættisins og starfsmanna auk þess sem einstakir sérfræðingar hjá embættinu miðla þar gjarnan fróðleik um viðfangsefni sín. Nokkuð er einnig um að sérfræðingar frá öðrum stofnunum haldi fræðsluerindi á fundunum.

### Umsagnir um þingmál og reglugerðir

Landlæknisembættið lætur í té umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar sem lögð eru fyrir Alþingi og snerta verkswið embættisins. Starfsmenn svara einnig fyrirspurnum um mál sem fram koma á þingi eða eru kallaðir fyrir þingnefndir til viðræðu um ýmis mál. Loks er embættið einnig

beðið um umsagnir um reglugerðir. Meðal mála af þessum toga sem komu til kasta embættisins á árinu 2009 voru:

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.
- Drög að frumvarpi til laga um Eftirlitsstofnun heilbrigðisþjónustu og að frumvarpi til laga um Lýðheilsustofnun.
- Frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259. mál, heildarlög. (24.2.09)
- Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.
- Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, umsögn gefin tvisvar á árinu.
- Frumvarp til laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.
- Frumvarp til laga um Íslandsstofu.
- Tillaga til þingsályktunar um hámarks magn transítusýra í matvælum.
- Umsögn til heilbrigðisráðuneytis um drög að reglugerð um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum.
- Álit embættisins um leyfi þeirra sem eru í kynskiptaaðgerð til að skipta um nafn og kyn í þjóðskrá.
- Fyrirspurn vegna vistunarmatsnefnda.
- Fyrirspurn um nefndir og nefndalaun.
- Fyrirspurn um framgang vinnu innan heilbrigðiskerfisins sem miðar að því að einfalda umönnun sjúklinga með flókna sjúkdóma þar sem sérstök teymisvinna sérfræðinga á ólíkum sviðum er nauðsynleg.

### Fræðsluhlutverk


Landlæknisembættið hefur það hlutverk lögum samkvæmt að veita heilbrigðisráðherra og öðrum stjórnvöldum, heilbrigðisstarfsfólki og almenningi ráðgjöf um heilbrigðismál. Mikilvægur liður í þeirri ráðgjöf er formleg kennsla heilbrigðisstétta, bæði í

reglulegu námi þeirra og á námskeiðum sem embættið stendur fyrir. Sérfræðingar frá embættinu annast til dæmis kennslu við læknadeild og hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, í lýðheilsufræðum við HÍ og Háskólann í Reykjavík, svo fátt eitt sé nefnt. Þess utan halda starfsmenn Landlæknisembættisins fræðslufyrirlestra við margs konar tækifæri, s.s. á ráðstefnum og málþingum hvers konar. Fræðsla til almennings er enn fremur drjúgur þáttur í starfi embættisins. Þar hafa fjölmiðlar ákveðið hlutverk, en þeir leita mikið til embættisins eftir upplýsingum og umsögnum og eiga þannig þátt í að miðla fræðslunni.

### Vefur Landlæknisembættisins

Einn helsti farvegur fyrir fræðslustarf Landlæknisembættisins er upplýsingavefurinn á vefsetrinu [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og hefur hann orðið sífellt mikilvægari með hverju árinu, enda hefur umferð um hann aukist jafnt og þétt. Samkvæmt yfirlýstri stefnu er vefnum ætlað að miðla upplýsingum og leiðbeiningum um heilbrigðisþjónustu, heilsuvernd og varnir gegn sjúkdómum og þjóna jafnt starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, stjórnvöldum og almenningi.

Kom gagnsemi vefsins berlega í ljós meðan heimsfaraldur influensu geisaði á árinu 2009. Á tímabili, meðan faraldurinn stóð sem hæst, voru birtar daglegar fréttir af gangi sýkingarinnar og útbreiðslu, bæði á íslensku og ensku, tilkynningar til skóla og foreldra og leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna auk rafrænnar dreifingar á bæklingum og öðru prentuðu efni sem gefið var út vegna faraldursins.



Umferð um vefinn jókst nær þrefalt meðan heimsfaraldur influensu var í hámarki á Íslandi. Myndin sýnir fjölda síðuflettinga á vef Landlæknisembættisins á mánuði hverjum árið 2009.



Fréttatilkynningar til almennings voru birtar bæði á meginvefnum [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og á tengda vefsvæðinu [www.influensa.is](http://www.influensa.is), sem er sjálfstætt vefsvæði í samvinnu sóttvarnalæknis, almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Til þess samstarfs var stofnað árið 2007 og reyndist það gagnleg ráðstöfun þegar á reyndi í heimsfaraldrinum og samræma þurfti aðgerðir þessara aðila.

Önnur vefsvæði eru einnig starfrækt í tengslum við vef Landlæknisembættisins, ýmist undir sömu umsjón og hann eða alveg sjálfstæð. Eitt slíkt vefsvæði er [www.umhuga.is](http://www.umhuga.is), sem hefur verið starfrækt síðan í október 2008. Þar er fjallað um geðheilsu barna og helstu þætti í uppeldi og aðstæðum barna og unglinga sem hafa áhrif á geðheilsu þeirra á uppvaxtarárunum. Upplýsingarnar eru ætlaðar jafnt foreldrum og fagfólki. Samstarfsaðilar verkefnisins eru, auk Þjóðar gegn þunglyndi hjá Landlæknisembættinu, Miðstöð heilsuverndar barna, Barnaverndarstofa, BUGL, Stuðlar, Lýðheilsustöð og Barnavernd Reykjavíkur.

Í mars var formlega opnaður á snærum



Börn úr Fellaskóla opnuðu heilsuvefinn formlega við athöfn á Grand hóteli 27. nóvember 2009.

Á árinu bættist síðan við nýr heilsuvefur, [www.6h.is](http://www.6h.is), með fræðslu fyrir börn, unglinga og foreldra og var hann opnaður formlega í lok nóvember 2009. Nafnið á vefnum vísar til sex hugtaka sem byrja öll á bókstafnum *H* og mynda umgjörð um verkefnið 6H heilsunnar. Þetta eru hugtökin: hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti. Heilsuvefurinn er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lýðheilsustöðvar, sem annast umsýslu hans, Landspítala og Landlæknisembættisins.


### Fundur og viðburðir á vegum Landlæknisembættisins 2009

Landlæknisembættið stóð að fundum, ráðstefnum og námskeiðum á árinu 2009 í samvinnu við aðrar stofnanir eða samtök.

*112-dagurinn* var haldinn hér á landi í fimmta skipti 11. febrúar 2009, en tilgangur dagsins er að minna á neyðarnúmerið 112. Undir kjörorðinu *Öryggi barna og ungmenna* lögðu samstarfsaðilar að þessu sinni áherslu á að vekja athygli grunnskólabarna á því viðtæka öryggis- og velferðarneti sem þau hafa aðgang að í gegnum neyðarnúmerið. Að venju var skyndihjálparmaður Rauða krossins útnefndur og verðlaun veitt í Eldvarnagetrauninni.

Landlæknisembættið er meðal samstarfsaðila dagsins, en aðrir sem standa að samstarfinu eru Neyðarlínan, Ríkislögreglustjórinn og lögreglan, Brunamálastofnun, slökkviliðin, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, Landhelgisgæslan, Barnaverndarstofa, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Flugstoðir.

*Velferð barna og vægi foreldra.* Ráðstefna haldin föstudaginn 20. mars á Hótel Sögu sem hluti af



Forsíða upplýsingaveitunnar Heilsuvefsjár

Landlæknisembættisins sjálfstæður vefur á slóðinni, [www.heilsuveysja.is](http://www.heilsuveysja.is), sem er upplýsingaveita um heilsufar og heilbrigðisþjónustuna í landinu. Í fyrsta áfanga miðlar vefurinn upplýsingum um öldrunarmál og öldrunarþjónustu, en síðar er fyrirhugað að bæta við fleiri flokkum upplýsinga á sviði heilbrigðisþjónustu. Sjá meira um Heilsuveysjá á bls. 33.

Annar sjálfstæður vefur er starfræktur á slóðinni [www.skafi.is](http://www.skafi.is). Hann er fyrir kóðuð flokkunarkerfi á vegum embættisins og birtir öll flokkunarkerfi sem landlæknir hefur mælt fyrir um að nota skuli í íslenskrri heilbrigðisþjónustu á mun aðgengilegri hátt en áður.

verkefni Siðfræðistofnunar „Gildismat og velferð barna í neylusamfélagi“. Landlæknisembættið tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar í samvinnu við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, Barnaverndarstofu og Forlagið í tilefni af útkomu bókarinnar *Árin sem enginn man* eftir Sæunni Kjartansdóttur sálgreini. Auk Sæunnar fluttu sjö fyrirlesarar erindi, en fundarstjóri var Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar.

*Ófbeldi og slys á börnum.* Morgunverðarfundur haldinn 25. mars 2009 á Grand Hótelu í Reykjavík að tilhlutan Lýðheilsustöðvar og Slysavarnaráðs, en Landlæknisembættið á þar fulltrúa.

*Út úr fangelsi – inn í kreppuna.* Morgunverðarfundur á vegum samráðsnefndar um málefni fanga, haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík 15. maí. Fundurinn fjallaði um áhrif efnahagshrunsins 2008 á fanga og fjölskyldur þeirra. Fundarstjóri var Salbjörg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu.

Samráðsnefnd um málefni fanga er skipuð fulltrúum frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, Fangelsismálastofnun ríkisins, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Landlæknisembættinu, Rauða krossi Íslands, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Fangavarðafélaginu, fangapresti, Samhjálp og Vernd.

*Helsetilsynet á Íslandi.* Dagskrá á vegum embættisins, haldin í Hringstal Landspítala 7. september. Í tilefni heimsóknar Helsetilsynet, norsku eftirlitsstofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu, til Landlæknisembættisins var haldið málþing með kynningu fyrir gestina á ýmsum þáttum íslenskra heilbrigðismála. Erindi fluttu sérfræðingar embættisins og einn fulltrúi norsku gestanna. Fundarstjóri og skipuleggjandi var Kristján Oddsson, þáverandi aðstoðarlandlæknir.

*Kyrrðarstund,* haldin í Dómkirkjunni 10. september í tilefni alþjóðlegs dags sjálfsvígsforvarna. Að athöfn lokinni var fleytt kertum á Tjörninni til minningar um þá sem hafa fallið frá fyrir eigin hendi. Að viðburðinum stóðu, auk Landlæknisembættisins, Biskupsstofa, Geðhjálp, Geðsvið LSH og fleiri aðilar.

*Geðheilbrigðisdagurinn* var líkt og undanfarin ár haldinn hátíðlegur 10. október, á alþjóðageðheilbrigðisdaginn. Í þetta skipti var yfirskriftin *Óflugri og aðgengilegri geðheilbrigðisþjónusta*. Í tilefni dagsins voru ýmsir atburðir á dagskrá,

þ. á m. *Geðgóður dagur* í göngugötunni í Mjódd í Breiðholti. Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra opnaði dagskrána, en síðan tóku við tónlistaratriði, myndlistarsýning auk þess sem fjölmargar stofnanir og félagasamtök sem koma að geðheilbrigðismálum kynntu starf sitt í kynningarbásam. Dagskránni í Mjódd lauk með skákmóti.

*Morgunverðarfundir* á vegum samstarfshópsins Náum áttum voru haldnir átta sinnum á árinu, allir á Grand Hótelu í Reykjavík. Náum áttum er samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál með þátttöku Landlæknisembættisins, Lýðheilsustöðvar, Félags fagfólks í frítímaþjónustu, Barnaverndarstofu, FRÆ – Fræðslu og forvarna Reykjavíkurborgar, Vímulausrar æsku – Foreldrahúss, IOGT á Íslandi, Heimilis og skóla, Þjóðkirkjunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Barnaheilla og Umboðsmanns barna. Samsetning hópsins tók nokkrum breytingum á árinu.

Á fundunum árið 2009 voru eftirtalin efni tekin til umfjöllunar:

*Stöndum við vörð um velferð barna?,*  
28. janúar.

*Velferð barna – ábyrgð og hlutverk ríkisins,*  
18. febrúar.

*Velferð barna - ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga,* 18. mars.

*Sjálfboðaliðastarf og gildi þess í forvörnum,*  
22. apríl.

*Hvað ætlar fjölskyldan að gera í sumar?,*  
27. maí.

*Sjálfsmynd og kynhegðun unglinga,*  
30. september.

*Kannabis – umfang og afleiðingar,* 20. okt.

*Stuðningur barns í nærsamfélaginu – það sem barni er fyrir bestu,* 25. nóvember.

### Aðrir fundir og ráðstefnur

Sérfræðingar á vegum Landlæknisembættisins taka jafnan þátt í fundum og ráðstefnum sem haldin eru á vegum ýmissa stofnana og samtaka, ýmist með því að halda þar framsöguerindi, taka þátt í pallborðsumræðum eða stýra fundum. Á árinu 2009 dró þó mjög úr þátttöku í erlendum ráðstefnum og fundum. Hins vegar voru erindi og fyrirlestrar innanlands á fundum er tengdust heimsfaraldri influensu fyrirferðarmikill þáttur í fyrirlestrahaldi starfsmanna á árinu.

Þar skal fyrst nefna að sóttvarnalæknir og sérfræðingar á sóttvarnasviði fluttu fyrirlestra um svína-

inflúensuna á fimmtán funda fundaherferð í júnimánuði í samvinnu við almannavarnadeild ríkislög-reglustjóra. Þegar faraldurinn sótti í sig veðrið síðla sumars og fram eftir hausti var farið víða með fræðslufyrirlestra, m.a. fyrir starfsfólk Leifsstöðvar á Keflavíkurlugvelli og fyrir sjálfbóðaliða í hjálpar-símaþjónustu RKÍ, en þar var opnuð sérstök upplýsingalína fyrir almenning. Að auki voru haldnir fyrirlestrar á fundum fyrir starfsfólk grunn- og framhaldsskóla og á sameiginlegum fundi fyrir alla leikskólakennara, sem haldinn var í Gerðubergi í Reykjavík. Þá voru haldnir fræðslufundir fyrir starfsfólk kirkjunnar, auk fjölda minni fræðslufunda fyrir heilbrigðisstarfsfólk og almenning. Þá var einnig flutt erindi á Barnaspítala Hringingsins í september um bólusetningu gegn svínainflúensu.

Af þátttöku starfsfólks af öðru tilefni tóku lækningar sem starfa hjá embættinu eins og jafnan áður þátt í Læknadögum, sem fara fram árlega í janúarmánuði. Þar var flutt erindi um bólusetningar ferðamanna og sett upp kynning á vefnum [www.skafi.is](http://www.skafi.is) um flokkunarkerfi fyrir heilbrigðisþjónustu. Í febrúar hélt sérfræðingur frá embættinu fyrirlestur á doktorsdögum í Háskóla Íslands um faraldsfræði sykinga hjá börnum og áhættuþætti og stuttu síðar um sýklalyf og ónæmi á þingi barnalækna, Katrínardögum. Þá tók sérfræðingur frá embættinu þátt í Fræðadögum heilsugæslunnar í nóvember.

Klínískar leiðbeiningar voru kynntar á fjölda funda með læknum og á ráðstefnum, m.a. á Vorráðstefnu Greiningarstöðvar um miðjan maí. Á vegum klínískra leiðbeininga hjá Landlæknisembættinu var einnig á ýmsum tímum ársins staðið fyrir kynningar- og umræðufundum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um skynsamlega lyfjanotkun. Í október flutti sérfræðingur á sóttvarnasviði fræðsluerindi um sýklalyfjanotkun og ónæmi hjá Heilsugæslunni Selfossi.

Sérfræðingar embættisins tóku þátt í tiltölulega fáum ráðstefnum erlendis á árinu eins og áður er nefnt. Ein slík var í Helsinki í apríl og þar flutti sérfræðingur á sóttvarnasviði erindi um faraldsfræði smitsjúkdóma og bólusetningar. Á ráðstefnu í Genf um öryggi sjúklinga, sem var haldin í ágústlok á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), setti starfsmaður upp veggspjald og flutti stutt erindi.

### Heimsóknir til embættisins

Í marsmánuði kom Grete Christensen, formaður Evrópusamtaka hjúkrunarfræðinga (*European Federation of Nurses Associations, EFN*), í heimsókn til embættisins.

Arne Björnberg, forstöðumaður Health Consumer Powerhouse í Stokkhólmi sótti embættið heim 5. júní 2009 til að falast eftir þátttöku Íslands við að gefa upp upplýsingar um margvislega gæðavisa er snerta heilbrigðisþjónustu. Stofnunin sem hann stýrir safnar og birtir upplýsingar um slíka gæðavisa í 31 Evrópulandi. Erindi hans var vel tekið og samþykkt var að embættið myndi senda upplýsingar um viðkomandi gæðavisa, eftir því sem tók væru á.



Vinnufundur norrænna samstarfsaðila um öryggisgæðavisa í heilbrigðisþjónustu var haldinn í húsakynnum Landlæknisembættisins í júní 2009. Frá vinstri: Leifur Bárðarson, Hans Rutberg, Paul Bartels, Eva Estling, Málfríð Mänge, Laura Scheving Thorsteinsson, Michael Soop, Turid Bjarnason Skifte og Öystein Flesland.

Í júní var haldinn tveggja daga vinnufundur samstarfshóps á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um öryggisgæðavisa í heilbrigðisþjónustu. Höpurinn hafði til umfjöllunar þá öryggisgæðavisa, sem hafa verið valdir, þ.e. tíðni óvæntra skaða á sjúkrahúsum, öryggisbrag (*safety culture*), dánartíðni á sjúkrahúsum, sjúkrahústengdar sykingar og lyfjamál aldraðra.

Fulltrúar frá Helsetilsynet í Noregi komu til Íslands í september og sátu kynningardagskrá í boði Landlæknisembættisins sem haldin var í Hringisal Landspítala 7. september. Þar fluttu sérfræðingar hjá embættinu erindi um ýmsa þætti í starfsemi embættisins. Fjallað var t.d. um gæði og öryggi sjúklinga, um eftirlit með sjálfstætt reknum stofum heilbrigðisstétta, kvartanir til embættisins yfir heilbrigðisþjónustu, heilbrigðistölfræði og gagnagrunna í heilbrigðisþjónustu, sóttvarnir og áhrif efnahagskreppunnar á heilbrigðisþjónustuna í landinu.

### Heimsóknir starfsmanna til annarra

Starfsmenn embættisins heimsækja heilbrigðisstofnanir á ári hverju, bæði til þess að sinna lögbundnu eftirliti sínu með heilbrigðisstofnunum, til að kynna sér starfsemi þeirra eða kynna starfsfólki þar

leiðbeiningar og reglur sem lúta að starfi þeirra og starfsemi.

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu sem heimsóttar voru á árinu vegna hefðbundins eftirlits eða vegna sérstakra aðstæðna voru Dvalar- og hjúkrunarheimilið Borgarnesi, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslan í Salahverfi, Heimaþjónusta Reykjavíkur, Landspítali, m.a. Grensásdeild, líknardeild, bráðamóttaka barna við Hringbraut og bráðamóttaka Fossvogi, SÁÁ, Skógarbær, St. Jósefsspítali–Sólvangur, Læknastöðin Glæsibæ og Domus Medica.

Landlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur heimsóttu geðdeildina að Sogni og fangelsið á Litla-Hrauni snemma sumars. Með þeim í för var framkvæmdastjóri geðsviðs LSH sem þá hafði tekið við rekstri á Sogni. Kom fram í heimsókninni á Litla-Hraun að bæta þarf þjónustu við fanga sem þurfa á innlögnum að geðdeild að halda. Einnig var fundað með föngum að Sogni og hlustað á ýmis umkvörtunarefni og gerðar tillögur til úrbóta.

Í júní fóru fulltrúar sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í heimsóknir til allra sóttvarnalækna í umdæmum og héldu fundi með þeim og lögreglustjórum, forystumönnum sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsmönnum á alls fimmtán stöðum víðs vegar um landið til að ræða um viðbrögð vegna influensufaraldurs sem þá var í aðsigi.

### Samstarf um rannsóknir og fræðslu

#### Rannsóknir byggðar á heilbrigðisskrám landlæknis

*Lyfjagagnagrunnur landlæknis.* Fjölmargar umsóknir voru afgreiddar á árinu um notkun gagna úr lyfjagagnagrunni til rannsókna. Má þar nefna rannsókn á því hvort sykursýkislyfið metformin minnki áhættu á að fá krabbamein, leit að erfðapáttum sem tengjast svörun við blóðfitulækkandi lyfjameðferð, leit að tengslum erfðabreytileika í erfðamenginu við blöðruhálskirtilskrabbamein og rannsókn á áhrifum breytinga á ávísun statínlyfja á kólesterólgildi. Þessar rannsóknir bætast í hóp þeirra sem fyrir voru á gögnum úr lyfjagagnagrunni.

*Krabbameinsskrá Íslands.* Gögn úr Krabbameinsskrá Íslands eru mikið nýtt í rannsóknir, en á vegum Krabbameinsskrárinnar eru unnar faraldsfræðirannsóknir í samvinnu við erlenda og innlenda aðila (sjá nánar: [www.krabbameinsskra.is](http://www.krabbameinsskra.is)).

*Fæðingaskrá.* Sótt var um aðgang að fæðingaskrá á árinu 2009, m.a. vegna rannsókna á dreifingu fæðingardaga yfir árstíðir meðal sjúklinga með lysterstol, rannsóknar á afbrigðum í meðgöngu og fæðingu og tengsl við einhverfu og rannsóknar á ábendingum fyrir fósturhartaómskoðunum og niðurstöðum þeirra

#### Rannsóknir í samstarfi við Háskóla Íslands

Landlæknisembættið hefur frá haustinu 2006 átt samstarf við Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir við námsbraut í lýðheilsuvísindum. Samningur milli stofnananna hefur að markmiði að efla stofnanirnar tvær með því að nýta sérþekkingu og aðstöðu hjá þeim báðum auk þess sem embættið lagði þrjár milljónir til námsbrautarinnar árið 2009 sem hluta af þriggja ári samningi.

Framlag Landlæknisembættisins í þessu efni felst einkum í því að gagnagrunnar stofnunarinnar nýtast í rannsóknum meistara- og doktorsnema í lýðheilsuvísindum og voru ýmsar rannsóknir af því tagi stundaðar við H.Í. á árinu 2009. Tveir starfsmenn embættisins lögðu auk þess stund á doktorsnám við deildina.

#### Heilsa og líðan Íslendinga 2009

Siðla árs 2009 var ákveðið að fara af stað með framhaldsrannsókn viðamikillar könnunar á heilsu, líðan og velferð Íslendinga á aldrinum 18–79 ára sem gerð var seinni hluta árs 2007. Var framhaldsrannsókninni hrundið af stað fyrr en áætlað var í ljósi breyttra aðstæðna í íslensku samfélagi í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Þátttakendur í rannsókninni 2007 voru 10.000 manns valdir af handahófi og þátttakendur í nýju rannsókninni voru allir þeir sem tóku þátt í könnuninni árið 2007 og samþykktu jafnframt með undirskrift að taka þátt í framhaldsrannsókn.

Upphaflega könnunin var unnin af Lýðheilsustöð í samstarfi við Landlæknisembættið og fleiri stofnanir og var henni ætlað að vera grunnur að reglubundnum mælingum á heilsu, líðan og lífsgæðum fólks á Íslandi. Meginmarkmið framhaldsrannsóknarinnar er að mæla breytingar á lífsháttum, félagslegri stöðu, heilsu og líðan fólks ári fyrir og ári eftir upphaf efnahagsþrenginganna í október 2008.

Hluti af hugmyndafræði könnunarinnar er að auka aðgengi fræðimanna að göðum rannsóknargögnum. Nokkur rannsóknarverkefni sem byggja á gögnum kannananna eru þegar í gangi.

## Alþjóðlegt samstarf

Vegna sparnaðar í rekstri embættisins var erlent samstarf með nokkuð öðru móti á árinu 2009 en verið hefur alla jafna. Í stað sameiginlegra funda erlendis og þátttöku starfsmanna í alþjóðlegum málþingum með tilheyrandi ferðakostnaði var treyst á ýmsar ódýrari samskiptaleiðir til þess að halda uppi samstarfi við þá erlendu samstarfsaðila sem hefð er fyrir að vinna með. Einnig hafði heimsfaraldur influensu sín áhrif í því að draga úr ferðum milli landa nema brýna nauðsyn bæri til.

Árlegur fundur norrænna landlækna, sem átti að standa í þrjá daga í Norður-Noregi, var fluttur til og haldinn aðeins daglangt á hóteli í grennd við Oslóarflugvöll 26. ágúst 2009 þar sem eina umræðuefnið var heimsfaraldur influensu. Matthías Halldórsson, settur landlæknir, og Haraldur Briem sóttvarnalæknir sóttu fundinn fyrir Íslands hönd. Ákveðið var að landlæknar Norðurlandanna héldu reglulega símafundi á meðan influensufaraldurinn stæði yfir, en Matthías Halldórsson og Haraldur Briem tóku þátt í þeim af hálfu Íslands.

Á árinu var þrátt fyrir þetta haldið uppi öflugu samstarfi við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) í Stokkhólmi enda gegndi það samstarf miklu hlutverki í baráttunni gegn heimsfaraldri influensu.

## Almannavarnir

Á árinu var unnið að gerð viðbragðsáætlana fyrir heilbrigðisstofnanir ásamt viðbragðsáætlun um sálfélagslegan stuðning (áfallahjálp). Gefnar voru út nýjar leiðbeiningar um sálræna skyndihjálp sem hafa að geyma leiðbeiningar um viðurkennt verklag við fyrstu hjálp á vettvangi. Þær eru ætlaðar fagfólki og öðrum sem vinna að sálrænum stuðningi við fólk í kjölfar áfalla í því skyni að draga úr uppnámi og stuðla að betri aðlögun eftir erfiða atburði.

Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Rauða kross Íslands, en aðrar stofnanir, sem vinna að skipulagningu áfallahjálpar á landsvísu hafa tengil á leiðbeiningarnar á vefsetrum sínum. Þessar stofnanir eru auk Landlæknisembættisins Áfallamiðstöð Landsspítala, Samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð og Biskupsstofa.

Í tilefni þess að nýr heimsfaraldur influensu hófst á árinu 2009 var viðbragðsáætlun ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis virkjuð. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir stóðu sameiginlega að blaðamannafundum og fréttatilkygn-

ingum til að kynna stöðu influensunnar og aðgerðir vegna hennar.

Þá var kallað saman almannavarna- og öryggismálaráð í fyrsta sinn, m.a. til að fjalla um viðbúnað vegna influensufaraldursins, en hlutverk ráðsins er að marka stefnu stjórnvalda í almanna-, varna- og öryggismálum. Yfirvöld hér á landi fóru gaumgæfilega yfir marga lykilþætti í gildandi landsáætlun almannavarna vegna heimsfaraldurs influensu. Meðal annars var verið að kanna birgðastöðu matvæla, olíu, nauðsynlegra lyfja og annarra nauðsynjavara í landinu.

Viðbragðsáætlun og tilheyrandi ráðstafanir vegna farsóttu voru dagskrárefni sameiginlegs fundar sóttvarnalækna og lögreglustjóra á landinu öllu í Reykjavík í maí eftir að í ljós kom að nýja influensan hafði borist til landsins. Áður er getið um fimmtán fundi fulltrúa sóttvarnalækna og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra með sóttvarnalæknum í umdæmum, lögreglustjórum, forystumönnum sveitarfélaga og heilbrigðisstarfsfólki viðs vegar um landið í júní til að ræða svæðisáætlanir um viðbrögð vegna influensufaraldurs.

Eftir að influensufaraldurinn tók á skrið haustið 2009 héldu sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri vikulega símafundi með sóttvarnalæknum í umdæmum og svæðum og lögreglustjórum um land allt þar sem framkvæmd bólusetninganna var rædd enda framkvæmdin ein sú mesta í sögu bólusetninga hér á landi.



Frá fundi 16. mars 2009 í húsaáætlun Landlæknisembættisins þegar kynntar voru nýjar leiðbeiningar um verklag við fyrstu hjálp á vettvangi stóráfalla. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur sá um kynninguna.

## II. GÆÐI OG ÖRYGGI

Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu eru meðal helstu viðfangsefna Landlæknisembættisins og endurspeglast það í lögum um landlækni nr. 41/2007. Gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu tengjast fjölmörgum þáttum, svo sem menntun starfsmanna, mannafla, flæði sjúklinga, og forgangsroðun verkefna. Undirstaðan er sú gæða- og öryggismenning sem ríkir í heilbrigðisþjónustunni, sem aftur ræðst af viðhorfum, gildum, reglum, hugmyndafræði og hugsjónum þeirra sem þar starfa.

Landlæknisembættið hefur lögum samkvæmt það hlutverk að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og hafa eftirlit með henni. Til þess að sinna þessu hlutverki gefur embættið m.a. út til-mæli, viðmið og leiðbeiningar, fylgist með því að faglegar kröfur hvarvetna í heilbrigðisþjónustunni séu uppfylltar og hefur eftirlit með heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki. Í þessu skyni hefur embættið valið gæðavísu sem gera kleift að skoða gæði milli tíma og þjónustustiga.

Landlæknisembættið telur það forgangsverkefni að efla gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu og hefur í samráði og samvinnu við ýmsa aðila gripið til margvíslegra sértækra aðgerða í þeim tilgangi.

### *Gæði heilbrigðisþjónustu*

Í alþjóðlegum samanburði kemur heilbrigðisþjónusta á Íslandi vel út samkvæmt ýmsum mælikvörðum. Á árinu hafnaði Ísland til dæmis í þriðja sæti í samanburði gæðaviðmiða í heilbrigðisþjónustu í 33 ríkjum í Evrópu. Þar kom Ísland mjög vel út í mörgum atriðum, svo sem þáttum sem snúa að réttindum sjúklinga og upplýsingum til þeirra, bið eftir krabbameinsmeðferð, ungbarnadauða, dánartíðni innan 30 daga eftir hjartaáfall og lifun í 5 ár eftir krabbameinsgreiningu. Þá stendur íslenska heilbrigðisþjónustan sig einnig mjög vel hvað varðar bólusetningar barna, bið eftir segulómum og fleira.

Helstu umbótataækifæri snúa m.a. að aukinni greiðsluþátttöku ríkisins varðandi tannlækningar og þátttöku kvenna í brjóstamyndatöku. Það sem helst þótti á vanta voru rafræn milliliðalaus samskipti milli heilbrigðisstarfsfólks og almennings til að pantatíma og gefa upplýsingar um niðurstöður úr rannsóknum. Slíkt er ekki tiltækt hérlendis enn sem komið er nema að litlu leyti, enda þótt það þekkest víða í Evrópu og sé haft til marks um aðgengilega heilbrigðisþjónustu.

Íslendingar senda árlega upplýsingar í gagnasafn OECD um árangur og aðbúnað í heilbrigðisþjónustu og í þeim samanburði hefur Ísland á vissum sviðum skarað fram úr öðrum þjóðum hvað varðar árangur. Má þar nefna lífslíkur, ungbarnadauða og árangur í meðferð brjóstakrabbameina og hjarta- og æðasjúkdóma, en árangur meðferðar við bráðakransæðastíflu hér á landi er betri en í nokkru öðru OECD landi. Allir þessir þættir eru almennt taldir lykilorð þegar meta skal gæði og árangur heilbrigðisþjónustu.

Offita meðal unglunga er á hinn bóginn algengari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum. Offita er einnig vandamál meðal fullorðinna því eingöngu fimm OECD-þjóðir eru með hærri tíðni offitu en Íslendingar. Reykingar unglunga eru hins vegar fátíðari og það sama má segja um reykingar almennt.

### **Gæðavísar**

Áfram var unnið að vali á gæðavísu og þróun þeirra í samvinnu við ýmsa aðila, þ.e. heilbrigðisráðuneytið og vinnuhópa innan Norrænu ráðherra-nefndarinnar, OECD og samtaka hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum (SSN) auk Landspítala. Val og birting gæðavísa er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1148/2008. Þá hefur embættið veitt margvíslega ráðgjöf um gerð gæðavísa.

Á árinu var opnuð ný vefsíða á vef Landlæknisembættisins um [lykiltölur í heilbrigðisþjónustu](#), en

Það eru skilgreindir mælikvarðar sem varpa ljósi á heilsufar, aðgengi, umfang, afköst, gæði, öryggi og árangur í heilbrigðisþjónustu. Tölurnar geta verið af margvíslegum toga, svo sem starfsemistölur, árangursmælikvarðar eða heilsu- og [gæðavísar](#), sem má nýta við stefnumótun, áætlunargerð, eftirlit, ákvarðanatöku og til að efla gæði og öryggi og stuðla þannig að umbótum.

Landlæknisembættið hefur um nokkurt skeið safnað lykiltölum til að sinna því hlutverki sínu að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustunni, fylgjast með heilsufari og heilbrigði landsmanna og veita heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf um heilbrigðismál. Við val á mælikvörðunum eru viðmið lögð til grundvallar sem koma fram í fyrrgreindri reglugerð.

Unnið var að endurskoðun stefnumörkunar heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum til ársins 2010, en ekki tókst að ljúka þeirri vinnu á árinu.

### *Aðgerðir til að efla öryggi í heilbrigðisþjónustu*

#### **Innköllun yfirlita um óvænt atvik**

Landlæknisembættið kallaði inn yfirlit um óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu á árinu 2009 eins og árið áður, en samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007 eiga heilbrigðisstofnanir, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem veita heilbrigðisþjónustu að senda landlækni yfirlit um öll óvænt atvik, annars vegar um atvik sem starfsmaður heilbrigðisþjónustu verður fyrir og hins vegar um atvik sem notendur þjónustunnar verða fyrir. Eyðublöð í þessu skyni eru á vefsetri embættisins ásamt leiðbeiningum um viðbrögð við atvikum.

#### **Rannsókn á tíðni óvæntra skaða**

Heilbrigðisráðherra veitti Landlæknisembættinu gæðastyrk að upphæð 400 þúsund krónur til þess að hrinda af stað rannsókninni *Öryggi sjúklinga – tíðni óvæntra skaða á íslenskum sjúkrahúsum*. Stuðst verður við rannsóknaráætlanir sambærilegra rannsókna erlendis. Rannsóknin getur gefið innsýn í helstu orsakapætti, tilurð og faraldsfræði óvæntra skaða, sem er forsenda þess að unnt sé að efla umbótavinnu til að draga úr þeim. Samstarfsstofnanir eru Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri.



Skurðaðgerð á Landspítala. (Birt með leyfi LSH.)

#### **Öryggi í skurðaðgerðum**

Unnið var að staðfæringu og þýðingu á gátlista um öryggisatriði sem tengjast skurðaðgerðum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út og mælst til að verði tekinn í notkun.

#### **Fagráð um öryggi sjúklinga**

Fagráðið (sjá Viðauka, bls. 45) vann að stefnumótun varðandi öryggi sjúklinga á árinu.

### *Eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustu*

Á árinu kom út á vef embættisins greinargerð um eftirlit þess með heilbrigðisþjónustu og sérstakt eftirlit vegna efnahagsþrenginga. Samkvæmt lögum hefur Landlæknisembættið faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna. Undir eftirlit embættisins heyra allar rekstrareiningar þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt og skipta þær hundruðum hér á landi. Embættið hefur þróað ákveðna aðferðafræði sem notuð er við eftirlit og úttektir eins og fram kemur í greinargerðinni.

Í ljósi núverandi efnahagsástands hefur Landlæknisembættið gripið til sérstakra ráðstafana til að fylgjast jafnt með áhrifum efnahagsþrenginga á heilsu og velferð landsmanna og áhrifum niðurskurðaraðgerða þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Meginatriðum þessarar vinnu er lýst í fyrrnefndri greinargerð. Auk þess var sérstök greinargerð vegna niðurskurðar send til ráðherra.

Eftirlit og úttektir á eftirfarandi stofnunum fóru fram á árinu, ýmist sem liður í reglubundnu eftirliti, vegna sérstakra aðstæðna eða ábendinga eða breytinga tengdum niðurskurði:

- Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Borgarnesi
- Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi
- Heilsugæslunni í Salahverfi
- Heimaþjónustu Reykjavíkur
- Litla-Hrauni
- Landspítala, m.a. Grensásdeild, líknardeild, bráðamóttöku barna Hringbraut og bráðamóttöku Fossvogi
- SÁÁ
- Skógarbæ
- Sogni
- St. Jósefsspítala – Sólvangi
- Læknastöðinni Glæsibæ
- Domus medica.

### Eftirlit með stofnunum fyrir aldraða – RAI

Samkvæmt nýlegri reglugerð um RAI-mælitæki á hjúkrunarheimilum, nr. 544/2008, ber að meta aðbúnað og heilsufar íbúa á öldrunarstofnunum og nota í því skyni alþjóðlegt mælitæki, *Resident Assessment Instrument, RAI*, á íslensku nefnt „Rauverulegur Aðbúnaður Íbúa“ – RAI. Markmiðið er að stuðla að bættri umönnun og hjúkrunarþjónustu á öldrunarstofnunum og tryggja að þjónusta við aldraða sé í samræmi við lög um málafni aldraðra nr. 125/1999.

Notkun RAI-mælitækisins er alþjóðlegt samvinnuverkefni og hefur Landlæknisembættið eftirlit með RAI-mati á Íslandi undir umsjón verkefnisstjóra sem situr í RAI-matsnefnd heilbrigðisráðuneytisins og stýrihópi um RAI. Verkefnisstjórinn ber faglega ábyrgð á eftirliti, skráningu og áreiðanleikamælingum og leiðbeinir auk þess um notkun RAI-mats og fylgist með gæðum öldrunarþjónustu.

### Margvíslegt notagildi

RAI er staðlað mælitæki sem m.a. var hannað til að meta styrkleika, heilsufar og umönnunarþarfir aldraðra á hjúkrunarheimilum ásamt því að veita mikilvægar upplýsingar fyrir gerð hjúkrunaráætlana. Skráning RAI-mats fer fram rafrænt á veraldarvefnum.

Úr niðurstöðum RAI-mats má m.a. sjá gæðavísa, matslykla og RUG-álagsþyngdarflokka og þannig nýta þær við mat á faglegri þjónustu heilbrigðisstofnana. Gæðavísarnir geta

t.d. gefið vísbendingar um gæði hjúkrunar og umönnunar á hjúkrunarheimilum og öldrunarstofnunum. Þá veitir RAI-mat stjórnendum stofnana og heilbrigðisyfirvöldum tækifæri til að bera saman niðurstöður milli deilda og stofnana og fjármögnun verður gagnsærri og réttlátari.

### Kennsla

Verkefnisstjóri RAI-mats annast kennslu í skráningu matskerfisins. Haldin eru námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem koma að RAI-mati. Árið 2009 voru haldin námskeið, bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Auk reglubundinnar kennslu leiðbeinir verkefnisstjórinn um framkvæmd matsins og túlkun niðurstaðna á stofnunum og heldur fræðslufundi bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

### Vistunarmat

Landlæknisembættið hefur haft eftirlit með störfum vistunarmatsnefnda og yfirumsjón með framkvæmd vistunarmats fyrir hjúkrunarrými síðan í janúar 2008. Umsjónin felst í faglegu eftirliti með störfum vistunarmatsnefnda og leiðsögn til þeirra um upplýsingaöflun auk þess sem Landlæknisembættið hefur umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun raf-rænnar vistunarmatskrár (sjá nánar bls. 32). Landlækni ber að halda samráðs- og fræðslufund einu sinni á ári með vistunarmatsnefndum um framkvæmd vistunarmats og var slíkur fundur haldinn í október.

Ef einstaklingur sættir sig ekki við framgang vistunarmats sem um hann fjallar eða niðurstöðu þess getur hann vísað málinu til umsagnar landlæknis. Landlæknir getur hvorki úrskurðað né breytt ákvörðun vistunarmatsnefnda, en hann getur beint tilmælum til þeirra og gefið umsögn. Árið 2009 bárust Landlæknisembættinu 7 formlæg erindi vegna synjunar á vistunarmati.

Vistunarmat á árinu 2009								
Vistunarmatsnefnd	Höfuðborgar- svæðis	Vestur- lands	Vest- fjarða	Norður- lands	Austur- lands	Suður- lands	Suður- nesja	Samtals
<b>Fjöldi mála</b>	<b>705</b>	<b>76</b>	<b>23</b>	<b>183</b>	<b>43</b>	<b>112</b>	<b>71</b>	<b>1193</b>
<b>Afdrif mála</b>								
Mál samþykkt	443	58	22	125	41	108	71	868
Málum synjað	206	7	1	22	2	4		242
Málum frestað (í vinnslu)	56	11		16				83
<b>Samtals</b>	<b>705</b>	<b>76</b>	<b>23</b>	<b>163</b>	<b>43</b>	<b>112</b>	<b>71</b>	<b>1193</b>
<b>Gilt vistunarmat um áramót:</b>								
<b>Fjöldi á biðlista</b>	<b>78</b>	<b>15</b>	<b>6</b>	<b>18</b>	<b>9</b>	<b>32</b>	<b>36</b>	<b>194</b>
<b>Fjöldi hjúkrunarrýma - úthlutað á árinu</b>	<b>454</b>	<b>36</b>	<b>15</b>	<b>128</b>	<b>30</b>	<b>87</b>	<b>49</b>	<b>799</b>



Árið 2009 voru afgreidd 1193 mál, um 60% þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Á meðfylgjandi töflu á bls. 16 má sjá hver afdrif málanna urðu eftir heilbrigðis-umdæmum. Af heildarfjölda mála voru 73% samþykkt þegar horft er til landsins alls, 20% var synjað og um 8% mála voru í vinnslu um áramót. Þá má sjá að 194 voru á biðlista í lok árs 2009 meðan þeir voru 392 í lok árs 2008 og er því um 50% fækkun á milli ára. Munar þar mest um fjölda á biðlista á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu var útlutað 799 hjúkrunarrýmum.

**Heilbrigðisstarfsfólk**

**Starfsleyfi heilbrigðisstétta**

Landlæknisembættið hefur með höndum að gefa út starfsleyfi til löggiltra heilbrigðisstétta og hefur svo verið síðan í apríl 2008, en áður var það á verksviði heilbrigðisráðuneytisins. Með nýju fyrirkomulagi hefur réttarstaða umsækjenda um starfsleyfi breyst til hins betra þar sem þeir geta nú kært hugsanlega synjun um starfsleyfi til heilbrigðisráðuneytisins.

Á Íslandi eru alls 32 löggiltar heilbrigðisstéttir sem njóta lögverndaðs starfsheitis. Mismunandi lög og reglur gilda um veitingu starfsleyfa til einstakra heilbrigðisstétta. Sérstök lög gilda um 13 heilbrigðisstéttir, t.d. lækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, ljósmæður, tannlækna og þroskajálfa.

Um aðrar stéttir gilda lög nr. 24/1985 með síðari tíma breytingum.

Árið 2009 voru gefin út alls 655 starfsleyfi hjá Landlæknisembættinu, þar af voru almenn leyfi 588 og sérfræðileyfi 67. Skipting leyfanna eftir starfsstéttum sést á töflum hér til hliðar. Almennum starfsleyfum fækkaði nokkuð frá árinu 2008, þegar gefin voru út 630 slík leyfi en sérfræðileyfin voru aðeins tveimur færri en árið áður. Nær tíundi hluti útgefinna starfsleyfa 2009 (64) voru í formi staðfestingar á starfsleyfum frá Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Auk útgáfu starfsleyfa annast Landlæknisembættið útgáfu vottorða um gild starfsleyfi vegna flutnings heilbrigðis-

Útgefin sérfræðileyfi 2009	
<b>Heilbrigðisstéttir sem fengu sérfræðileyfi</b>	
Hjúkrunarfræðingar	2
Lífeindafræðingar	3
Læknar	53
Sálfræðingar	3
Sjúkraþjálfarar	3
Tannlæknar	3
<b>Samtals</b>	<b>67</b>

starfsfólks í starfi eða vegna flutnings til annarra landa, einkum til EES. Árið 2009 óskuðu 413 heilbrigðisstarfsmenn eftir slíkum vottorðum, þar af 147 læknar og 135 hjúkrunarfræðingar.

**Tannfræðingar**

Undanfarin ár hefur verið starfandi samstarfshópur um endurskoðun á reglugerð um tannfræðinga. Megináherslan hefur verið á að tannfræðingar gætu starfað sjálfsstætt hvað varðar tiltekin verkefni á sviði tannfræði. Nefndin var lögð niður á árinu í kjölfar þess að frumvarp um ein lög um heilbrigðisstéttir var lagt fram.

Fjöldi útgefinna almennra starfsleyfa 2009			
<b>Heilbrigðisstéttir</b>			
Áfengis- og vímuefnaráðgjafar	1	Næringarfræðingar	3
Félagsráðgjafar	8	Næringarráðgjafar	0
Fótaaðgerðfræðingar	13	Næringarrekstrarfr.	0
Geislafræðingar	3	Osteópatar	0
Hjúkrunarfræðingar	115	Sálfræðingar	32
Hnykkjar	0	Sjöntækjafræðingar	5
Iðjuþjálfar	18	Sjúkraflutningamenn	41
Lífeindafræðingar	4	Sjúkraliðar	118
Ljósmæður	12	Sjúkranuddarar	2
Lyfjafræðingar	24	Sjúkraþjálfarar	29
Lyfjatæknar	11	Stoðtækjafræðingar	2
Læknar	94	Talmeinafræðingar	2
Læknaritarar	4	Tannfræðingar	0
Matartæknar	4	Tannlæknar	6
Matvælafræðingar	2	Tanntæknar	1
Náttúrufrafræðingar í heilbr.þjón.	1	Þroskajálfar	33
<b>Samtals</b>			<b>588</b>

### **Miklar breytingar á mönnun í hjúkrun**

Í könnun sem Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gerði á árinu kom í ljós að 99,98% stöðugilda hjúkrunarfræðinga voru þá setin. Þetta eru vísbendingar um mikla breytingu, því að skortur á hjúkrunarfræðingum miðað við metna þörf árið 2009 var áætlaður 3,84% í könnuninni, en sú tala var 21,5% árið 2007. Það hefur því dregið töluvert úr skorti á hjúkrunarfræðingum til starfa, væntanlega vegna þjóðfélagsaðstæðna síðustu misserin.

Mikilvægt er að mönnun sé ætíð ofan við öryggismörk, bæði með tilliti til gæða og öryggis sjúklinga og kostnaðar, en margar rannsóknir hafa sýnt að fjöldi hjúkrunarfræðinga á vakt hverju sinni hefur áhrif á afdrif sjúklinga og fækkar fylgikvillum sjúkrahúslegu.

### **Vinnuhópur um sjúkraliða**

Landlæknisembættið ákvað í apríl 2007 að setja á laggirnar vinnuhóp með það hlutverk að skoða hvernig menntun sjúkraliða nýttist innan heilbrigðisþjónustunnar. Í vinnuhópnum voru fulltrúar frá Landlæknisembættinu, Sjúkraliðafélaginu, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Vinnuhópurinn skilaði tillögum á árinu 2009 og var þeim komið á framfæri við stjórnendur í hjúkrun á heilbrigðisstofnunum í þeirri von að þær gætu gagnast við að nýta þekkingu sjúkraliða sem best með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

### **Skortur á fagstéttum og sérfræðigreinum**

Fagfélög heilbrigðisstarfsfólks og Landlæknisembættið hafa greint frá því að á næsta áratugi eða svo geti orðið skortur á fag- og sérfræðiþekkingu meðal og innan heilbrigðisstétta. Má þar nefna hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, lífeindafræðinga og heimilislækna. Brynt er að fagfélög, stjórnvöld, kennslustofnanir og aðrir beiti sér fyrir því að leita leiða til að leysa þennan vanda. Þá eru merki um að heilbrigðisstarfsmenn leiti meira í vinnu erlendis vegna betri kjara þar.

## **Rekstur í heilbrigðisþjónustu**

### **Faglegar lágmarkskröfur**

Til að mega hefja rekstur heilbrigðisþjónustu þarf að tilkynna það til landlæknis og jafnframt þarf að uppfylla ákveðnar faglegar lágmarkskröfur. Er hvort tveggja í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lög um landlækni nr. 41/2007 og

gildir jafnt um heilbrigðisstarfsfólk og aðra rekstrar aðila. Einnig skal liggja fyrir staðfesting landlæknis þess efnis að reksturinn teljist uppfylla tiltekna faglegar lágmarkskröfur áður en starfsemin hefst. Árið 2009 bárust Landlæknisembættinu 203 tilkynningar frá rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu.

Landlæknisembættið hélt á árinu áfram vinnu að gerð faglegra lágmarkskrafna í heilbrigðisþjónustu fyrir einstakar fagstéttir. Sem fyrr var leitað samstarfs við fagstéttirnar um kröfur er lúta að stofu- rekstri auk þess sem unnið var að faglegum kröfum um tiltekna þjónustu stofnana, m.a. í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið. Á komandi árum biður embættisins umfangsmikil vinna við að þróa faglegar lágmarkskröfur varðandi allar tegundir heilbrigðisþjónustu.

### **Samstarf vegna faglegra lágmarkskrafna og úttekta**

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir samstarfi við Landlæknisembættið vegna úttekta í tengslum við samninga ráðuneytisins við Heimahjúkrun Reykjavíkur og Heilsugæslustöðvar Salahverfisins.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið óskaði eftir samstarfi við Landlæknisembættið vegna gerðar gæðaviðmiða fyrir öldrunarþjónustu og útboðslýsingar fyrir hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut.


## **Lyf og lyfjaeftirlit**

### **Lyfjagagnagrunnur**

Lyfjagagnagrunnur hefur verið starfræktur við Landlæknisembættið frá árinu 2005. Hann starfar lögum samkvæmt til þess að embættið geti haft almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf, ekki síst ávana- og fíknilyf, svo og til að fylgjast með þróun lyfjanotkunar. Verkefnisstjóri hefur umsjón með reglubundinni úrvinnslu úr grunninum og tilfallandi verkefnum auk þess að vinna að þróun sérverkefna og rannsókna sem nýta bæði lyfjagagnagrunn embættisins og tölfræðigrunn Tryggingastofnunar ríkisins.

### **Lyfjaval og lyfjanotkun**

Eftirlit með ávísunum á ávana- og fíknilyf jókst á árinu, bæði samfara reglubundu eftirliti, afgreiðslu lyfjaskirteina og tilfallandi eftirliti. Þannig jókst fjöldi fyrirspurna vegna ávísana til einstaklinga um ríflega helming á seinni hluta ársins 2009 miðað við árið á undan, fór úr 12 á mánuði í ríflega 27. Þetta bendir til þess að læknar noti þessa þjónustu sífellt meira til að hafa yfirlit yfir lyfjaávisanir þeirra einstaklinga sem til þeirra leita.



Myndin sýnir lyfjaávisanir sem gefnar voru út til einstaklinga utan heilbrigðisstofnana á árinu 2009 samkvæmt gögnum úr lyfjagagnagrunni, skipt eftir aldri og kyni.

Heildarfjöldi ávísana á Íslandi árið 2009 breyttist lítið frá árinu áður en töluverðar sveiflur voru innan einstakra lyfjaflokka (sjá töflu á bls. 31). Fjöldi notenda jókst mest (11%) í flokki blöðlyfja en fækkaði mest í flokki sykingalyfja (9%) og er hugsanleg skýring á því hátt verðlag og greiðsluþáttaka Sjúkratrygginga Íslands.

Á árinu komu út þrjár skýrslur um lyfjanotkun á árunum 2007 og 2008 en einnig voru gerðar úttektir á útgáfu lyfjaávisana á 15 heilsugæslustöðvum á árinu 2009 að beiðni þeirra lækna sem þar starfa. Niðurstöður þessara úttekta ásamt samanburði við landið í heild voru síðan kynntar á fundum í því augnamiði að vekja lækna til umhugsunar um betri ávísunarvenjur. Sjá meira um lyfjagagnagrunninn og hagnýtingu hans á bls. 31-32.

### Lækningatæki

Samkvæmt lögum er Landlæknisembættið lögbært yfirvald varðandi lækningatæki og kemur því að flestum þáttum er varða stefnumörkun, eftirlit og markaðsgæslu lækningatækja hér á landi. Samtals bærust embættinu 2560 tilkynningar og önnur skjöl varðandi lækningatæki á árinu 2009.

Tilkynningar um galla í lækningatækjum voru samtals 845, þar af 711 tilkynningar frá lögbærum yfir-

völdum í öðrum löndum og 134 tilkynningar frá *Eudamed Administration*.

Nýjar fyrirspurnir frá lögbærum yfirvöldum í aðildarlöndum ESB voru 74 á árinu og skjöl sem bærust varðandi fyrirspurnirnar samtals 548. Landlæknisembættið tók ennfremur við 382 tilkynningum um tæki og aðferðir til lífsýnagreininga í glasi sem eru á markaði í Evrópu.

Aðrar tilkynningar, fyrirspurnir og fleira voru 785 varðandi margvísleg efni er tengjast lækningatækjum.

Samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins nr. 765/2008/ESB ber Neytendastofu að samræma gerð markaðs-eftirlitsáætlana. Fulltrúar embættisins sóttu tvo fundi hjá Neytendastofu á árinu vegna þessa. Sérfræðingur embættisins í lækningatækjum var í nóvember skipaður í vinnuhóp til að innleiða tilskipun nr. 90/385/EBE um virk ígræðanleg lækningatæki og tilskipun nr. 93/42/EBE um lækningatæki.

Fulltrúar embættisins sóttu ekki fundi lögbærra yfirvalda í Evrópu um lækningatæki á árinu 2009 eins og tíðkast hefur undanfarin ár.

### Klínískar leiðbeiningar

Vinna við klínískar leiðbeiningar hófst hjá Landlæknisembættinu í janúar 2000 og árið 2009 var því tíunda starfsárið. Á þessum áratug lögðu fjölmargir hönd á plóginn í vinnuhópum sem eru skipaðir þverfaglega og mikil samvinna var við nefndir innan LSH sem vinna að leiðbeiningum. Sú samvinna hefur tryggt að verkefnið skarist ekki. Einnig var góð samvinna við heilsugæsluna allan þennan tíma, bæði í vinnuhópum og við kynningu klínískra leiðbeininga.

Vinna við klínískar leiðbeiningar sem leiðir til birtingar á vef landlæknis er viðurkennd eins og t.d. yfirlitsgrein birt í íslensku ritryndu tímariti.

Sigurður Helgason læknir hefur ritstýrt útgáfu klínískra leiðbeininga frá öndverðu en stýrihópur um gerð klínískra leiðbeininga vinnur náið með honum (sjá Viðauka, bls. 46).

Í lok árs 2009 höfðu alls verið gefnar út um 50 leiðbeiningar á vegum Landlæknisembættisins. Í samræmi við ákvörðun frá 2004 er einnig lögð aukin áhersla á að kynna valdar erlendar leiðbeiningar og eru þær sérstaklega kynntar á vef embættisins.

### Klínískar leiðbeiningar gefnar út 2009

1. *Reykleysismeðferð* (drög í mars og endanleg útgáfa í maí 2009).
2. *Langvinn nýrnabilun. Greining og meðferð* (drög 10. desember 2009).
3. *Sykursýki af tegund 2*. Endurgerð eldri leiðbeininga (29. október 2009).
4. *Eyrnabólga* (23. október 2009).
5. *Meðgönguvernd heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu*. (Gagnger endurskoðun 1. útgáfu frá árinu 2008).



Aðrar leiðbeiningar sem gefnar voru út með aðkomu eða í samráði við stýrihóp um klínískar leiðbeiningar:

- *Ung- og smábarnavernd. Leiðbeiningar um heilsuvernd barna 0–5 ára*. (1. útgáfa, september 2009).

### Önnur útgáfa sem tengist klínískum leiðbeiningum

Upplýsingar um heilsutækniúttektir, vefsettar í byrjun júní 2009.

Vinnureglur um hagsmuni og hagsmunaárekstra, gefnar út 25. júní 2009.

Dreifibréf landlæknis nr. 7/2009 varðandi liðspeglanir við slitgigt, í júní 2009.

Dreifibréf landlæknis nr. 11/2009 um blóðþrýstingslækkandi lyf (ACE-hemla o.fl.), hagkvæmni í lyfjaval og kostnað, í september 2009.

### Verkefni í vinnslu árið 2009

Helstu verkefni sem voru í vinnslu á árinu og ekki var lokið við voru leiðbeiningar um Barrets vélinda (hófst í júní 2009), endurskoðun á leiðbeiningum um skimun fyrir ristilkrabbameinum, leiðbeiningum um mjaðmarbrot og leiðbeiningum um þvagfærasýkingar hjá körlum og einstaklingum með þvaglegg, en vinnu við þær síðasttöldu var hætt á árinu.

### Endurskoðun

Endurskoðun einstakra leiðbeininga er stöðugur þáttur í starfinu en veigamestu endurskoðanir á árinu voru á leiðbeiningum um:

- Blóðþrýstingsmælingar (júní 2009).
- Fólínsýru á meðgöngu (júní 2009, í samráði við Manneldisráð).
- Bráða kransæðasjúdóma (2009).
- Meltingarónot (bætt við efni apríl 2009).
- Ofnæmislost (hætt við endurskoðun og leiðbeiningar fjarlægðar af vefnum).
- Myndgreiningu (hófst í apríl 2008).
- Hjartabilun (júní 2009).
- Mjaðmarbrot (enn í vinnslu).
- Höfuðáverka (enn í vinnslu).
- Þvagleka (bætt við efni um skurðaðgerðir í febrúar 2009).

### Samstarfsaðilar innanlands og utan

Starf að klínískum leiðbeiningum byggist á góðri samvinnu við aðra sem vinna á sama sviði. Helstu samstarfsaðilarnir á árinu voru:

- **Landspítali**. Hlekkjað er á vef LSH þannig að allar klínískar leiðbeiningar sem unnar eru á LSH birtast líka á vef landlæknis. Meðal nýrra leiðbeininga þar árið 2009 voru um *Sóragigt* og *Liknarmedferð*.
- **Sjúkrahúsið á Akureyri**. Hlekkjað er á leiðbeiningar unnar á FSA.
- **Þróunarstofa heilsugæslunnar – mæðra- vernd**, vegna leiðbeininga um *Meðgönguvernd* og leiðbeininga um *Greiningu og meðferð þvagfærasýkinga hjá barnshafandi konum*.
- **Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**.

Samvinna hélt áfram við Scottish Intercollegiate Guideline Network (**SIGN**) og svipaðar stofnanir sem sinna gerð klínískra leiðbeininga í Bretlandi (**NICE**), Nýja-Sjálandi (**NZGG**), Ástralíu (**NHMRC**) og Svíþjóð (**SBU**).

Samvinna við **EUnetHTA** ([www.eunetha.net](http://www.eunetha.net)) tók á sig fasta mynd í byrjun árs 2007. Þar tók Sigurður Helgason þátt í 4 vinnuhópum sem unnu að

Þróun á úttektum á heilbrigðistækni (*Health Technology Assessment, HTA*) fyrir stofnanir og samræmingu þeirra þannig að slíkar úttektir nýtist sem best milli landa. Samvinna við **Cochrane samtökin** rofnaði síðla árs 2008 þegar Sigurður Helgason, fulltrúi í ráðgjafanefnd Nordic Cochrane Center sagði sig frá því starfi. Unnið var að því að finna annan fulltrúa.

### Kynningar og kennsla

Klínískar leiðbeiningar voru kynntar á fjölda funda með læknum og á ráðstefnum, t.d. vörðstefnu Greiningarstöðvar 14.–15. maí 2009, og með póstlistum til m.a. lækna. Kennsla um klínískar leiðbeiningar er orðinn fastur liður í námi lækna (á 3. og 6. ári) og lyfjafræðinga. Kynning á nýju efni með tölvupósti og fréttatilkynningum er ekki aðeins beint til lækna heldur einnig læknanema, lyfjafræðinga og hjúkrunarfræðinga.

Á vegum klínískra leiðbeininga hjá Landlæknisembættinu var einnig staðið fyrir kynningar- og umræðufundum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um skynsamlega lyfjanotkun. Á fundunum er annars vegar kynnt hvaða lyf eru hagkvæmust í tilteknum lyfjaflokkum og hins vegar hvernig lækna í heilsugæslunni hafa ávísað á lyf í þessum flokkum á ákveðnu tímabili. Verkefni þetta er liður í að stuðla að hagkvæmri notkun lyfja.

Sigurður Helgason, ritstjóri klínískra leiðbeininga, hefur sinnt þessu verkefni af hálfu embættisins.

### Valdar erlendar leiðbeiningar

Liður í vinnu að klínískum leiðbeiningum er að kynna valdar erlendar leiðbeiningar fyrir fagfólki. Er það gert ýmist með birtingu erlendra leiðbeininga á vefnum eða kynningum hjá fagfélögum eða leiðtogum þeirra, en einnig hjá stofnunum eins og Sjúkratryggingum Íslands, LSH og heilbrigðisráðurneytinu eftir því sem við á. Á vef embættisins

höfðu í árslok 2009 verið kynntar um 135 slíkar leiðbeiningar.

Í sumum tilvikum er fylgst sérstaklega með vinnu við erlendar leiðbeiningar með það að markmiði að semja sambærilegar íslenskar leiðbeiningar um sama efni eða endurskoða eldri leiðbeiningar.

## Meðferð og þjónusta

### Heilbrigðisþjónusta í fangelsum

Landlæknisembættið tekur þátt í samráðsnefnd um málefni fanga sem er skipuð fulltrúum frá Landlæknisembættinu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, Fangelsismálastofnun ríkisins, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Breiðhólts, Rauða krossi Íslands, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Fangavarðafélaginu, fangapresti, Samhjálp og Vernd.

Hlutverk samráðshópsins er annars vegar að standa fyrir fræðslu fyrir fagfólk og almenning og hins vegar að stuðla að bættri þjónustu við fanga. Hópurinn stóð fyrir morgunverðarfundum um málefni fanga í maímánuði undir yfirskriftinni „Út úr fangelsi – inn í kreppuna“.

### Rannsókn – þjónusta kvenna með brjóstamein

Áfram var unnið að rannsókn á viðhorfum og væntingum kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og aðstandenda þeirra til sérhæfðrar brjóstameinsmiðstöðvar, en Landlæknisembættið er samstarfsaðili og veitti faglega ráðgjöf við rannsóknina.

### Málefni innflytjenda

Landlæknisembættið hefur sinnt ýmsum þáttum er snúa að stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda, m.a. komið að undirbúningi náms fyrir fagfólk um þjónustu við innflytjendur.

## III. SÓTTVARNIR

Árið 2009 einkenndist fyrst og fremst af heimsfaldri influensu, svokallaðri svínainflúensu. Árin þar á undan höfðu sóttvarnalæknir og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, í samvinnu við fjölmarga aðila samfélagsins, unnið að undirbúningi viðbragðsáætlunar gegn heimsfaraldri influensu. Vorið 2008 var gefin út heildstæð viðbragðsáætlun gegn slíkum faraldri þar sem gert var ráð fyrir skæðum faraldri en með möguleikum á aðlögun í samræmi við ríkjandi aðstæður. Nýttist sú vinna vel í faraldrinum en aðlaga þurfti aðgerðir í samræmi við þróun faraldursins.

### Farsóttaskráin og farsóttagreining

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að styrkja gagnagrunna og upplýsingakerfi og einnig að því að aðlaga starfsemi sóttvarnasviðs breyttu lagaumhverfi. Á árinu 2009 var farsóttaskráin aðlöguð svínainflúensufaraldrinum þannig að unnt var að fylgjast með influensutengdum einkennum sem greindust í heilsugæslunni nánast í rauntíma. Einnig voru þróuð vöktunarkerfi fyrir skólafjarvistir, sem er hluti af farsóttargreiningu, og í sama tilgangi var fylgst náið með fjölda innlagna á bráðamóttökum Landspítala og dánartölum frá þjóðskrá.


### Árstíðabundin influensa

Inflúensufaraldurinn veturinn 2008–2009 hófst í árslok 2008 og náði hámarki um miðjan febrúar 2009. Einkenndist hann af tveimur stofnum veirunnar, A(H3N2) og B stofnum. Þótt drægi umtalsvert úr influensunni greindist þessi árstíðabundna influensa allt fram í júnímánuð sem kann að skýrast af aukinni vöktun í tengslum við yfirvofandi heimsfaraldur.

### Heimsfaraldur influensu 2009

Heimsfaraldur influensu af völdum A(H1N1)v 2009 braust út í apríl 2009 og varð hans fyrst vart í Mexíkó og Bandaríkjunum. Hér á landi var fyrsta tilfellið staðfest í maí. Lítið var um einkenni influensu þar til um miðjan júlí, en þá fór fjöldi sjúklinga með influensulík einkennum hægt vaxandi. Samtímis fór að bera á fleiri tilfellum influensu A(H1N1)v 2009 sem staðfest voru með sýnatöku.

Seinni hluta september fækkaði tilfellum nokkuð og vonast var til að faraldurinn væri í rénum en þess í stað fór tilfellum ört fjölgandi á ný í lok mánaðarinnar. Í október náði influensan síðan mikilli útbreiðslu um allt land en mest jókst útbreiðslan um miðjan




mánuðinn. Í lok október og byrjun nóvember fækkaði tilfellum töluvert og um áramótin mátti heita að faraldurinn væri um garð genginn. Á árinu öllu greindust alls 10.289 einstaklingar með influensulík einkennum, þar af 4.684 karlar og 5.605 konur.

### Aldursdreifing

Í upphafi faraldursins í júlí og ágúst voru influensulík einkenni algengust í aldurshópnum 15–30 ára. Með tímanum varð breyting á aldersdreifingu tilfella. Hlutfallsleg aukning varð mest í aldurshópnum

0–9 ára og influensulík einkenni urðu langalgengust hjá leikskóla- og grunnskólabörnum, sbr. mynd hér fyrir neðan (Farsóttafréttir, 5. árg. 10.–11. tbl. 2009). Samtímis varð hlutfallsleg fækkun á tilfellum hjá einstaklingum á aldrinum 15–30 ára. Hlutfallslega fáir í aldurshópnum yfir sextugt greindust með influensulík einkenni.



**Útbreiðsla influensunnar**

Influensan breiddist út viku fyrr á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, sjá mynd bls. 22. Á landsbyggðinni kom í ljós að útbreiðslan var mismunandi innan svæða. Á Norðurlandi barst hún t.d. seint til Húsavíkur og á Austurlandi barst hún seint til Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar. Í lok október og nóvemberbyrjun tók að draga úr faraldrinum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

**Tilfelli influensu A(H1N1)v 2009 staðfest með sýnatöku**

Í upphafi faraldursins var áhersla lögð á að staðfesta greiningu influensunnar með sýnatökum. Um miðjan ágúst, þegar búið var að staðfesta viðvarandi smit í samfélaginu, voru send út tilmæli um að draga úr sýnatöku. Greining á influensu var eftir það samkvæmt mati læknis og sýni einungis tekin hjá alvarlega veikum sjúklingum og hjá fólki í aukinni hættu á alvarlegum sýkingum. Þegar leið á faraldurinn hækkaði hlutfall aðsendra sýna sem voru jákvæð fyrir influensu A(H1N1)v 2009, sem náði hámarki (um 60%) um miðjan október.

**Innlagnir á sjúkrahús og dauðsföll**

Um 200 sjúklingar voru lagðir inn á sjúkrahús af völdum svínainflúensu, flestir síðustu tvær vikur októbermánaðar. Af þeim sem lögðust inn á sjúkrahús þurftu 10% á gjörgæsludvöl að halda. Tvö dauðsföll voru staðfest af völdum svínainflúensunnar, annars vegar 18 ára stúlka með undirliggjandi áhættuþætti og hins vegar áttæður karlmaður. Þá lést 61 árs gamall karlmaður í heimahúsi af völdum lungnabólgu, en eiginkona hans

hafði legið á sjúkrahúsi með staðfesta influensu. Meðalaldur þeirra sem lögðust inn á sjúkrahús var 45 ár, en um þriðjungur þeirra var ekki með þekktu undirliggjandi áhættuþætti. Nokkuð var um innlagnir á landsbyggðinni.

**Bólusetning gegn svínainflúensu**

Í lok árs 2009 höfðu um 125.000 manns verið bólusettir gegn svínainflúensu. Talsverðar tafir urðu á afhendingu bóluefnisins vegna minni framleiðslugetu framleiðanda en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Líklegt má telja að útbreidd bólusetning hér á landi hafi átt þátt í að koma í veg fyrir enn útbreiddari faraldur svínainflúensunnar á landinu en raun varð á. Þann 4. desember 2009 hafði Lyfjastofnun borist 65 tilkynningar um atvik í tengslum við bólusetninguna. Flest atvikin voru væg, en hjá einum einstaklingi komu fram alvarleg ofnæmisviðbrögð skömmu eftir bólusetninguna. Fjöldi tilkynntra atvika hér á landi var í samræmi við tilkynnt atvik erlendis, en tugir milljóna einstaklinga víðs vegar um heiminn höfðu verið bólusettir með sama bóluefni og notað er hér á landi. Óhætt er að fullyrða að öryggi svínainflúensubóluefnisins er engu minna en öryggi allra annarra viðurkenndra bóluefna.



Í Leifsstöð á Keflavíkurluguvelli var opnuð influensumóttaka 29. apríl 2009 þar sem komufarþegum með hugsanlega einkenni influensu var boðin rannsókn og meðferð.

### Lyfjameðferð gegn influensuveiru

Í upphafi heimsfaraldurs influensu voru tiltækir 124.000 meðferðarskammtar af lyfjum gegn influensuveiru, þar af 86.000 skammtar af oseltamivir og 38.000 skammtar af zanamivir. Samtals voru notaðir 11.000 meðferðarskammtar í faraldrinum.

### Upplýsingar til almennings og heilbrigðisstarfsmanna

Upplýsingar og leiðbeiningar í tengslum við svína-inflúensufaraldurinn frá sóttvarnalækni til almennings, skóla, fyrirtækja og heilbrigðisstarfsmanna voru birtar á vefnum á slóðinni [www.influensa.is](http://www.influensa.is) auk tíðra, stundum daglegra, fréttu af útbreiðslu faraldursins. Leiðbeiningar og fréttir voru einnig birtar á ensku meðan faraldurinn stóð sem hæst.

Sérfræðingar sóttvarnasviðs héldu fræðslufyrirlestra um svínainflúensu meðan á faraldrinum stóð, m.a. í fundaherferð sem skipulögð var í júnimánuði á öllum sóttvarnasvæðum á landinu í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra til að ræða svæðisáætlanir um viðbrögð vegna faraldursins. Enn fremur voru haldnir fyrirlestrar fyrir allt starfsfólk Leifsstöðvar á Keflavíkflugvelli og fyrir sjálfboðaliða í hjálparþjónustu Rauða krossins, en þar var opnuð sérstök upplýsingalína fyrir almenning. Að auki voru haldnir fyrirlestrar fyrir starfsfólk grunn- og framhaldsskóla og á sameiginlegum fundi allra leikskólakennara, sem haldinn var í Gerðubergi í Reykjavík. Þá voru haldnir fræðslufundir fyrir starfsfólk kirkjunnar, bæði á prestastefnu og í Hallgrímskirkjusöfnuði auk fjölda minni fræðslufunda fyrir heilbrigðisstarfsfólk og almenning.

Auk þessa fræðslustarfs undirbjó starfsfólk embættisins og gaf út tvo upplýsingabæklinga í júní og júlí um svínainflúensu og varnir gegn henni og eitt veggspjald (sjá mynd) sem kom út í ágúst og var dreift um allt land.

### Hlífðarbúnaður

Þann 5. febrúar 2009 var gengið frá samningum um eitt sameiginlegt vöruhús fyrir landið allt að Vatnagörðum 10 í Reykjavík til geymslu á birgðum hlífðarbúnaðar til varnar smiti. Með því var unnt að sameina

birgðageymslur hlífðarbúnaðar, sem sóttvarnalæknir hefur umsjón með, en hann var áður geymdur hjá níu birgjum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði.

Um mánaðarmótin apríl/maí voru útbúnar sendingar hlífðarbúnaðar til allra heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á landinu. Við það verk lögðu ýmsar hjálparveitir hönd á plóg. Úthlutun hlífðarbúnaðarins fór síðan fram eftir þörfum allt árið.

### Niðurstaða

Víst má telja að almenn ráðgjöf um handþvott, hvíld í heimahúsi vegna influensueinkenna, veiruslyfjagjöf og bólusetning hafi átt sinn þátt í að draga úr útbreiðslu faraldursins og því hversu fljótt hann tók af.



Veggspjald var gefið út í stóru upplagi með einföldum ábendingum um hvernig verja mætti sjálfan sig og aðra gegn smiti. .

### Skráningar- og tilkynningarskyldir smitsjúkdómar

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar um tilgreinda smitsjúkdóma eða sjúkdómsástand án þess að rekja smitið einstaklingsbundið.

Með tilkynningarskyldu er hins vegar átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni persónugreindar upplýsingar um hættuleg sjúkdómstilvik, sjúkdómsvalda þeirra og sérstaka bráða atburði sem ógna lýðheilsunni svo að unnt sé að rekja smit til einstaklinga. Tilkynningarskyldir sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir eru taldir í töflu á bls. 29.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þróun nokkurra tilkynningarskyldra sýkinga á tímabilinu 1997 til 2009.

### Iðrasýkingar

Jafnt og þétt hefur dregið úr nýgengi kampylóbakter- og salmonellusýkinga hér á landi á tímabilinu en líkleg skýring er nán samvinna við Matvælastofnun og fleiri aðila um vöktun og viðbrögð við slíkum sýkingum og gott eftirlit með búfénaði og afurðum þeirra hér á landi.



**Öndunarvegaskjúkdómar**

Af völdum sýkingum í öndunarvegum hefur nýgengi berkla hér á landi haldið áfram að lækka og er um þessar mundir eitt það lægsta í heiminum. Einnig heldur nýgengi meningókokkasjúkdóms hér á landi áfram að dragast saman, einkum eftir að bólusetning hófst gegn sýkingum af völdum meningókokka af hjúngerð C. Á árinu 2009 greindust fimm einstaklingar með ifarandi sýkingar af völdum meningókokka B en enginn einstaklingur greindist með meningókokka C.

**Blóðsmitandi veirusýkingar**





Lifrabólgur B og C hafa verið nokkuð sveiflukenndir sjúkdómar en þó var nýgengi þeirra tiltölulega lágt árið 2009. Nýgengi HIV-sýkingar hefur verið mjög stöðugt frá ári til árs og var árið 2009 engin undantekning. Á því ári greindust 15 manns með HIV-sýkingu á Íslandi, fjórir karlar og 11 konur. Ein kvennanna greindist með alnæmi, lokastig sjúkdómsins, og einn karlmaður lést af völdum hans á árinu. Af þeim sem greindust voru sjö Íslendingar, fjórar konur á aldrinum 17–49 ára og þrjár karlar á aldrinum 21–34 ára, nær öll með sögu um fíkniefnaneyslu með sprautunotkun í æð. Hin átta sem greindust með HIV-sýkingu árið 2009 voru af erlendu bergi brotin og töldust hafa smitast með kynmökum.

Það er sérstakt áhyggjuefni að flestir Íslendinganna sem greindust á árinu 2009 höfðu neytt fíkniefna með því að sprauta sig í æð. Á undanförunum 20 árum hafa hlutfallslega fáir fíkniefnaneytendur greinst með HIV-sýkingu hér á landi þar til fyrir tveimur árum að sex einstaklingar í þeim áhættuhópi greindust með sjúkdóminn.

**Kynsjúkdómar**

Nýgengi klamydíu hefur haldist hátt á tímabilinu. Þótt nýgengi lekanda sé tiltölulega lágt hér á landi hefur aukningar orðið vart á síðustu árum. Sárásótt hefur ekki verið bægt frá hér á landi. Flest ár greinast nokkur tilfelli.

Á myndunum hér til hliðar má sjá þróun nokkurra tilkynningarskyldra sýkinga undanfarin 13 ár.



## Bólusetningar

### Almennar bólusetningar

Fyrirkomulag almennra bólusetninga hér á landi árið 2009 var óbreytt frá því sem verið hefur síðan í byrjun árs 2007. Fyrirkomulagið sést á meðfylgjandi töflu.

Aldur	Innihald	Nafn	Framleiðandi
3, 5, 12 mán.	DTaP, Hib, IPV	Infanrix Polio Hib	GSK
6, 8 mán.	MCC	NeisVac-C	Baxter
18 mán., 12 ára	MMR	Priorix	GSK
5 ára	dTaP	Boostrix	GSK
14 ára	dTaP, IPV	Boostrix Polio	GSK

### Þekjun bólusetninga og miðlæg bólusetningaskrá

Á árinu 2009 var þekjun bólusetninga á Íslandi reiknuð bæði út frá sölutölum og einnig út frá upplýsingum í miðlægum bólusetningagrunni sóttvarnalækis. Þekjun frumbólusetningar gegn barnaveiki, stífkrampa, kikhósta, hib og lömunarveiki var yfir 95% en þekjun gegn hettusótt, misingum og rauðum hundum 90–95%.

Með tilkomu miðlægrar bólusetningarskrár sóttvarnalækis, sem byrjað var að þróa snemma árs 2007, hefur reynst unnt að áætla þekjunina með meiri nákvæmni. Á árinu 2009 voru allar heilsgæslustöðvar ásamt stóru sjúkrahúsum á landinu komnar í nettengingu við bólusetningaskrána og hafist var handa við að tengja skráningarkerfi skólaheilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (Ískrá) við bólusetningaskrá. Þegar miðlæg bólusetningaskrá verður komin í gagnið að fullu verður hægt að fá áreiðanlegar upplýsingar um þátttöku barna í almennum bólusetningum auk upplýsinga um flestar bólusetningar á Íslandi.

### Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Sýklalyfjaónæmi er vaxandi vandamál í veröldinni um þessar mundir. Það ógnar öryggi sjúklinga og getur ógnað lýðheilsunni. Ein skýring á útbreiðslu ónæmisins er mikil notkun sýklalyfja. Þótt notkun sýklalyfja tengist útbreiðslu ónæmis er þó enn margt á huldu um ástæður útbreiðslunnar. Mikilvægt er því að fylgjast með notkun sýklalyfja, enda er það eitt af lögbundnum hlutverkum sóttvarnalækis. Þá ber að tilkynna sóttvarnalækni um ó-

næmi vissra sýkla fyrir sýklalyfjum og aðgerðatengdar sýkingar.

Sýklalyfjanotkun er mæld annars vegar með heildarsölu sýklalyfja á landsvisu, í skilgreindum dagskömmtum (DDD) á hverja þúsund íbúa á dag (sjá efri mynd bls. 27), og koma þær upplýsingar frá Lyfjastofnun, og hins vegar með ávísunum til einstaklinga utan sjúkrastofnana, þ.e. fjölda ávís-

ana og skilgreindra dagskammta (sjá neðri mynd bls. 27), en þær upplýsingar eru fengnar úr lyfjagagnagrunni landlækis.

Í alþjóðlegum samanburði er notkun sýklalyfja nokkuð mikil á Íslandi, einkum í samanburði við hin Norðurlöndin. Skýrist þessi mikla notkun sýklalyfja að miklu leyti af notkun tetracyklíns (doxýcyklíns) ([Farsóttaréttir, 6. árg. 1. tbl. 2010](#)).



### Dregur úr notkun sýklalyfja

Í lok ársins kom út skýrsla á vegum sóttvarnalækis um sölu sýklalyfja og ávísanir á sýklalyf á Íslandi árin 2007 og 2008. Sambærilegar tölur fyrir árið 2009 hafa einnig verið gefnar út og sýna að það dró úr sölu sýklalyfja og fjölda ávísana á sýklalyf á árinu 2009 miðað við árin á undan eins og myndir á bls. 27 sýna glögg.

Heildarsamdráttur í sölu sýklalyfja á árinu var 5,6%, sem er mun meiri samdráttur en í sölu lyfja almennt, sem nam 1,6%. Ef litið er til fjölda ávísana sýklalyfja eftir aldri miðað við fjölda einstaklinga í aldurshópi hefur ávísunum í aldurshópnum 0–4 ára farið stöðugt fækkandi síðastliðin þrjú ár. (Sjá meira um notkun einstakra tegunda sýklalyfja í [Farsóttaréttum, 6. árg. 1. tbl. 2010](#)).

Skýringar á samdrætti í notkun sýklalyfja eru ekki að fullu ljósar. Hafa þarf í huga að sýklalyf eru almennt ekki niðurgreidd af hinu opinbera, sem kann að leiða til minni notkunar lyfjanna. Einnig kann að skipta máli aukin vitund um mikilvægi skynsamlegrar notkunar sýklalyfja meðal lækna og almennings.

Starfandi er sérstök ráðgefandi ráðherraskipuð nefnd um notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi og



Efri myndir sýnir sölu sýklalyfja á tímabilinu 1994 til 2009 skv. gögnum Lyfjastofnunar. Sú neðri sýnir ávisanir á sýklalyf til einstaklinga utan sjúkrastofnana skv. lyfjagagnagrunni landlæknis.

skilaði hún tillögum á árinu 2009 í þremur liðum um vænlegar aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi. Tillögurnar gerðu í fyrsta lagi ráð fyrir að kynna læknum meginniðurstöður nefndarinnar um notkun einstakra tegunda sýklalyfja með skipulögðum fundarhöldum og umræðum í því augnamiði að leita úrræða til að draga úr notkun sýklalyfja. Í öðru lagi var lagt til að fylgst yrði með árangri samráðs um sýklalyfjanotkun með því að kanna gagnagrunna um notkun lyfjanna og ónæmi gegn þeim. Loks hvatti nefndin stjórnvöld til að hefja bólusetningu gegn pneumókokkasýkingum í ungbarnabólusetningu, en nefndin taldi að sú aðgerð myndi leiða til minni sjúkdómsbyrði vegna alvarlegra pneumókokkasýkinga og miðeyrnabólga og þar með minni notkun sýklalyfja og minna sýklalyfjaónæmi hjá pneumókokkabakteríum.

Í lok árs 2009 var sett á laggirnar verkefni í samvinnu við heilbrigðisstofnun Suðurlands sem miðaði að því að bæta notkun sýklalyfja. Ef árangur verkefnisins verður ásættanlegur er áformað að víkka verkefnið út á fleiri stöðvar og sérgreinar.

## Opinberar sóttvarnaráðstafanir

### Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS)

Árið 2005 samþykktu aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) nýja alþjóðaheilbrigðisreglugerð (AHR 2005). Reglugerðin tók formlega gildi 15. júní 2007. Í reglugerðinni eru ákvæði um að samningsríkin leggi fram lista yfir hafnir sem hafa leyfi til að gefa út sóttvarnavottorð fyrir skip og þau skulu skilgreina ábyrg stjórnvöld við sérhverja tilnefnda landamærastöð. Heilbrigðisráðuneytið fór þess á leit við umhverfisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að sett yrðu ákvæði er lúta að þessu í reglugerð um hollustuhætti og lög um matvæli. Í samræmi við þetta bætti umhverfisráðuneytið við nýrri grein (55. gr.) í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem fjallar um sóttvarnaranþágu og sóttvarnavottorð fyrir skip. Í lög um matvæli (nr. 143/2009) voru sett ákvæði um að þau tækju til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Samsvarandi ákvæði gilda um loftför á flugvöllum hérlendis.

Undirbúningur innleiðingar á framkvæmd sóttvarnaeftirlits með skipum hefur verið á ábyrgð SSUS sem hefur skipað starfshóp með fulltrúum viðkomandi stofnana, heilbrigðisnefnda sveitar-félaga og Siglingastofnunar og var hópurinn enn að störfum í lok árs 2009.

### Eftirlit með umsækjendum um dvalarleyfi á Íslandi

Síðan á árinu 2005 hefur sóttvarnalæknir kannað heilbrigðisvottorð vegna tímabundinna atvinnu- og dvalarleyfa með tilliti til sóttnæmra sjúkdóma. Hefur þessum vottorðum fækkað stöðugt undanfarin misseri, frá 1751 dvalarleyfi árið 2005 í 80 árið 2009. Fækkun þessara vottorða má rekja til minni umsvifa við stórfamkvæmdir í landinu.

### Sóttvarnaráð

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því að sóttvarnaráð gæfi umsögn um skýrslu nefndar heilbrigðisráðherra um breytta skipan stjórnsýslustofnana – umræðutilögur frá í nóvember 2009 – í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 19/1997.

Sóttvarnaráð minnti á að það hefði ritað þáverandi heilbrigðisráðherra bréf í mars 2009 þar sem gerð var grein fyrir sjónarmiðum ráðsins varðandi stjórn-sýslustöðu sóttvarnalæknis og sóttvarna í landinu. Kom fram að sóttvarnaráð væri eindregið þeirrar skoðunar að sú stefna sem mótuð var með setningu sóttvarnalaganna á sínum tíma hefði sannað gildi sitt og að það teldi brýnt að tryggja skilvirkni sóttvarna með því að skilgreina enn betur stöðu sóttvarnalæknis innan stjórnkerfisins.

### Fræðsla um alnæmi og aðra kynsjúkdóma

Fræðsla um alnæmi og aðra kynsjúkdóma fór fram með flutningi fyrirlestra, í viðtölum og greinaskrifum í dagblöðum og timaritum. Verkefnisstjóri heimsótti skóla og ræddi við nemendur um kynheilbrigði og alnæmi. Einnig hafði hann samstarf við skóla, félagasamtök og stofnanir með ýmsu móti, svo sem með upplýsingagjöf, ráðgjöf og margvíslegum stuðningi.

Eins og áður var náin samvinna við Alnæmissamtökin varðandi forvarnarfræðslu þeirra í grunn-skólum landsins, skipulagsmál, áherslur o.fl.



Í upphafi ársins kom út á vegum sóttvarnalæknis bæklingurinn [Kynsjúkdómar – Smitleiðir, ein-kenni, meðferð, forvarnir](#). Bæklingurinn, sem var gefinn út bæði á prenti og í rafrænu formi, var saminn fyrst og fremst með þarfir ungs fólks í huga enda orðin brýn þörf á hentugu fræðsluefni um kynsjúkdóma fyrir þann aldurshóp.

### Alþjóðasóttvarnir

#### Evrópusamstarf

Sóttvarnalæknir tekur þátt í sóttvörnum Evrópu sem byggja á ákvörðun Evrópuráðsins nr. 2119 frá 1998. Sóttvarnalæknir og starfsmenn hans eru í náinni samvinnu við Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins, *European Centre for Disease Control (ECDC)* í Stokkhólmi. Var sú samvinna fyrirferðarmeiri á árinu 2009 en endranær vegna heimsfaraldurs influensu. Sóttvarnalæknir er fulltrúi Íslands í ráðgjafanefnd (*Advisory Forum*) ECDC.

Enn fremur tekur sóttvarnalæknir þátt í starfi Evrópunefndar um heilbrigðisöryggi (*Health Security Committee – European Commission*) í Luxembourg, en hún sér um að framfylgja fyrirnefndri ákvörðun nr. 2119/1998.

Starfsmenn sóttvarnalæknis senda ítarleg gögn um tilkynningarskylda sjúkdóma til vöktunarkerfis Evrópu, *The European Surveillance System (TESSy)* sem heyrir undir ECDC. Birtar eru ársskýrslur um faraldsfræði með upplýsingum um smitsjúkdóma í löndum Evrópusambandsins, ásamt Noregi og Íslandi.

Þá tekur Ísland þátt í viðvörðunarkerfi á vegum Evrópusambandsins (*Early Warning and Response System, EWRS*) og tengslanetum um einstaka tilkynningarskylda sjúkdóma. Dæmi um sjúkdóma sem falla undir slík net eru berklar, sjúkdómar sem berast með matvælum (salmonella, kampýló-bakter, enteróhemorragískur E. coli), kynsjúkdómar (klamydía, lekandi, sárasótt, HIV), ífarandi bakteríusýkingar (meningókokkar, hemófilus influensa hjúpgerð b) og hermannaveiki.

#### Norrænt samstarf

Sóttvarnalæknir er fulltrúi Íslands í norrænum vinnuhópi um heilbrigðisviðbúnað. Var Ísland í forystu fyrir þeim vinnuhópi á árinu, en starfsemi hans markaðist mjög af influensufaraldrinum. Á ráðherrafundi norrænna heilbrigðis- og félagsmálaráðherra, sem haldinn var í lok júní, gerði sóttvarnalæknir grein fyrir störfum vinnuhópsins og lagði fram hugmyndir um bættu starfshætti.

## Tilkynningarskyldir sjúkdómar 2004 – 2009

Tilkynningarskyldir sjúkdómar	2004		2005		2006		2007		2008		2009	
	Fjöldi	á 100 þús.	Fjöldi	á 100 þús.	Fjöldi	á 100 þús.	Fjöldi	á 100 þús.	Fjöldi	á 100 þús.	Fjöldi	á 100 þús.
Barnaveiki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Berklár	13	4	11	4	13	4	14	4	6	2	9	3
Bólusótt	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bótúlismi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bráð sjúkdómseinkenni af völdum eitufæna og geislavirkra efna	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Creutzfeldt Jakobs veiki / afbrigði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Enterohemorrhagísk E. coli sýking	5	2	1	0	1	0	13	4	4	1	9	3
Giardiasis	85	29	43	15	38	12	47	15	33	10	26	8
Gulusótt (yellow fever)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
HABL	-	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hemofilus influenzae sýking b	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Hettusótt	0	0	85	29	29	10	1	0	0	0	0	0
Hérasótt (tularemia)	-	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
HIV sýking (human immunod. virus)	5	2	8	3	11	4	13	4	10	3	13	4
Holdsveiki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Huldusótt (Q-fever)	-	-	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Hundaæði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Inflúensa A sem valdið getur heimfaraldri	-	-	0	0	0	0	0	0	0	0	9887	3097
Ífarandi pneumókokkasýkingar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	39	12
Kampýlobaktærisýking	162	55	135	46	117	38	93	30	97	30	75	23
Kíkhósti	1	0	6	2	3	1	2	1	1	0	0	0
Klamýdíusýking (Chl. trachomatis)	1735	593	1622	548	1729	568	1813	582	1834	574	2203	690
Kólera	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Legiónellusýking	2	1	7	2	1	0	10	3	5	2	4	1
Lekandi	9	3	19	6	31	10	20	6	26	8	40	13
Lifrabólga A	3	1	1	0	2	1	2	1	1	0	3	1
Lifrabólga B	39	13	33	11	16	5	48	15	61	19	23	7
Lifrabólga C	62	21	44	15	56	18	95	31	94	29	50	16
Lifrabólga E	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Lifrabólga vegna annarra veira	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Linsæri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Listeríusýking	1	0	1	0	0	0	4	1	0	0	0	0
Lömunarveiki	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Meningókokkasjúkdómur	10	3	4	1	4	1	4	1	2	1	5	2
Methicillín ónæmur stafýlókoccus aureus, MÓSA	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	31	10
Miltisbrandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mislingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Óvæntir atburðir sem ógnað geta heilsu manna	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Rauðir hundar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Salmonellusýking	103	35	91	31	116	38	93	30	136	43	35	11
Sárasótt *	4	1	3	1	5	2	1	0	1	0	2	1
Sigellusýking	3	1	5	2	0	0	2	1	3	1	1	0
Stífkrampi	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
Svarti dauði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Vankómýcín ónæmur enterókokkur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Öldusótt (brucellosis)	-	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

\* Klínísk greining byggð á blóðvatnsprófi

Heimild: Landlæknisembættið – Sóttvarnalæknir 2010

## IV. HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐI

Eitt af meginhlutverkum landlæknis er að safna saman og vinna upplýsingar úr gögnum um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. Lög um landlækni nr. 40/2007 kveða á um það hlutverk landlæknis að skipuleggja og halda skrár á landsvísi um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustunnar. Tilgangur skráanna er m.a. að hafa yfirsýn yfir heilsufar landsmanna og notkun heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með sömu þáttum og meta gæði og árangur þjónustunnar.

### Heilbrigðisskrár og úrvinnsla þeirra

#### Vistunarupplýsingar sjúkrahúsa

Á árinu 2009 var unnið úr sjúkrahúsagögnum fyrir árin 2007 og 2008. Þá voru birtar töflur yfir starfsemi sjúkrahúsa sem náðu yfir árin 1999–2007. Gögnum fyrir árið 2008 var safnað á árinu og stefnt að birtingu talnaefnis úr þeim gögnum í upphafi árs 2010. Við innköllun gagna frá sjúkrahúsum er stuðst við innköllunarsnið sem byggir á tilmælum landlæknis um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga.

Endurskoðun á 3. útgáfu handbókar um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum hófst síðla árs 2008 og var stefnt að því að ljúka henni í byrjun 2010. Fulltrúar frá fimm sjúkrastofnunum á landinu taka þátt í vinnunni ásamt starfsmönnum heilbrigðistölvfræðisviðs Landlæknisembættisins.

#### Biðlistar á sjúkrahúsum


Kallað er eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum vegna valinna aðgerða á sjúkrahúsum í febrúar, júní og október á ári hverju. Að lokinni úrvinnslu biðlistagagna hjá embættinu er heilbrigðisráðherra send greinargerð og talnaefni um biðlistana og í kjölfarið er hvort tveggja birt á vef embættisins. Þar koma fram upplýsingar um stöðu á biðlistum ásamt upplýsingum um fjölda einstaklinga sem biðu

á hverjum tíma og hversu stór hluti þeirra hafði beðið lengur en þrjá mánuði. Auk þessa voru birtar tölur á vefnum um fjölda framkvæmdra aðgerða.

Samantektir um stöðu á biðlistum voru birtar í *Talnabrunni* eftir hverja innköllun.

#### Samskiptaskrá heilsugæslunnar

Öll skráð viðtöl, vitjanir og símtöl (sem saman nefnast samskipti) einstaklinga sem nýta sér þjónustu heilsugæslustöðva eru skráð í Samskiptaskrá heilsugæslunnar. Helstu skráningaratriði eru dulkóðuð kennitala, sveitarfélag, heilsugæslustöð, dagsetning og tegund samskipta, starfsheiti starfsmanns, tilefni samskiptanna, greiningar og úrlausnir. Skráin inniheldur upplýsingar frá og með árinu 2004.



Á árinu 2009 var gögnum frá árinu 2008 safnað frá öllum heilsugæslustöðvum og unnið frekar úr þeim. Tölulegar upplýsingar voru m.a. birtar á vef Landlæknisembættisins. Árið 2008 var heildarfjöldi samskipta við heilsugæslustöðvar 2.283.996, en viðtöl, vitjanir og önnur samskipti voru 1.648.901, eða 5,2 á hvern íbúa.

Skráð viðtöl hjá læknum voru alls 660.706, eða 2,1 á hvern íbúa, og skráð viðtöl og vitjanir hjúkrunarfræðinga/ljósmeðra voru alls 327.146, eða 1,0 á hvern íbúa.


### Samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðilækna

Landlæknisembættið var í samstarfi við lækna á stofum varðandi fyrirkomulag á skilum tiltekinna gagna úr sjúkraskrá sem landlækni er skylt að safna fyrir samskiptaskrá sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Undirtektir hjá læknum varðandi skil á þessum gögnum hafa verið litlar og kann skýringin að vera m.a. sú að rafrænni skráningu gagnanna sé ábótavant. Rafræn skráning upplýsinga er ein meginforsenda þess að gögnum sé hægt að skila með sem minnstum tilkostnaði til landlæknis á rafrænu formi eins og krafa er um. Stöðugt fjölgar þó í hópi þeirra lækna á stofum sem hafa tileinkað sér að skrá sjúkraskrárupplýsingar í rafræn kerfi.

### Slysaskrá Íslands

Slysaskrá Íslands er gagnabanki sem inniheldur upplýsingar um slys á Íslandi. Skráning hófst í Slysaskrá Íslands í október 2001 og var tilgangurinn með stofnun skrárinnar að samræma skráningu slysa á landinu öllu og veita þar með yfirsýn yfir fjölda slysa og eðli þeirra. Upplýsingar um slysin eru sótt í gagnagrunna margra og ólíkra aðila og skráning þeirra samþætt í einni skrá, Slysaskrá Íslands. Skráningaraðilum innan heilbrigðiskerfisins, sem skrá slys í Slysaskrá Íslands, hefur fjölgað til muna í kjölfar nýrra laga um landlækni nr. 41/2007. Alls taka nú um 40 starfsstöðvar í heilbrigðiskerfinu þátt í skráningunni. Skráningaraðilar utan heilbrigðisstofnana eru ríkislögreglustjórinn, Vinnueftirlitið og Tryggingamiðstöðin.

Tölulegar upplýsingar úr Slysaskrá Íslands eru birtar reglulega á vef Landlæknisembættisins auk þess sem tölur yfir fjölda slysa voru birtar vikulega. Heildarfjöldi skráðra slysa árið 2009 var rúmlega 41 þúsund, en tæplega 42 þúsund árið 2008. Sökum þess að skráningaraðilum fjölgar stöðugt ber að varast beinan samanburð á tölfræði milli ára.



### Fóstureyðinga- og ófrjósemisaðgerðaskrá

Landlæknisembættið fær send útfyllt eyðublöð um framkvæmd fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða samkvæmt lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Þær upplýsingar eru skráðar jafnóðum og þær berast í fóstureyðinga- og ófrjósemisaðgerðaskrá. Skráin er ópersónugreinanleg og er tilgangur hennar fyrst og fremst að afla tölfræðilegra upplýsinga.

Á árinu 2009 var unnið úr gögnum fyrir árið 2008 og voru tölulegar upplýsingar birtar á vef Landlæknisembættisins. Á árinu 2008 voru framkvæmdar 995 fóstureyðingar, eða 13,8 á hverjar 1000 konur, og 520 ófrjósemisaðgerðir, þar af 339 ófrjósemisaðgerðir á körlum, eða 4,6 á hverja 1000 karla á aldrinum 25–54 ára, en 181 ófrjósemisaðgerð var gerð á konum, eða 2,8 á hverjar 1000 konur á sama aldri.

### Lyfjagagnagrunnur

Lyfjagagnagrunnur Landlæknisembættisins er starfræktur í samræmi við lög nr. 89/2003 um breytingu á lyfjalögum og hófst rekstur hans árið 2005. Gagnagrunnurinn er nauðsynlegt tæki til þess að embættið geti haft almennt eftirlit með ávisunum

Fjöldi ávísana og notenda eftir 12 ATC flokkum árið 2009 og breyting frá 2008							
ATC	Flokkur	Fjöldi ávísana			Fjöldi notenda		
		2008	2009	% breyting	2008	2009	% breyting
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	244970	238905	-2,5%	51402	51741	0,7%
B	Blóðlyf	81125	90679	11,8%	18017	20000	11,0%
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	505217	542776	7,4%	61857	65005	5,1%
D	Húðlyf	96485	92317	-4,3%	52072	50045	-3,9%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	182508	179377	-1,7%	56091	55309	-1,4%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	73868	77604	5,1%	25544	26531	3,9%
J	Sýkingalyf	248978	223055	-10,4%	124421	113261	-9,0%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	13430	14439	7,5%	4046	4367	7,9%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	157010	150905	-3,9%	66275	63041	-4,9%
N	Tauga- og geðlyf	963836	946357	-1,8%	105058	102818	-2,1%
R	Öndunarfæralyf	154167	155331	0,8%	61970	61689	-0,5%
S	Augn- og eyrnalyf	80847	78888	-2,4%	40465	38578	-4,7%

Heimild: Lyfjagagnagrunnur landlæknis

lækna á lyf, ekki síst ávana- og fíknilyf. Lögin gera enn fremur ráð fyrir að gagnagrunnurinn sé nýttur til að fylgjast með þróun lyfjanotkunar, eins og nánar hefur verið fjallað um á bls 18–19.

Á árinu komu út þrjár skýrslur um lyfjanotkun, tvær um ávísanir á lyfseðilskyld lyf á Íslandi, annars vegar á árinu 2007 og hins vegar 2008, auk skýrslu um sölu og ávísanir sýklalyfja á Íslandi 2007 og 2008. Á töflu á bls. 31 sést fjöldi lyfjaávisana á landinu í 12 meginlyfjaflokkum árin 2008 og 2009.

Í skýrslunni um lyfjaávisanir á árinu 2008 kom m.a. fram að heildarfjöldi lyfjaávisana á Íslandi var svipaður og árið áður. Einn lyfjaflokkur (meltingar- og efnaskiptalyf) dróst saman milli þessara ára, en talsverð aukning átti sér stað í flokki blóðlyfja, bæði hvað varðar fjölda ávisana (35,3%) og fjölda notenda (19,3%). Aukning varð í flestum flokkum, bæði í fjölda ávisana og fjölda notenda. Milli áranna 2007 og 2008 var fólksfjöldgun 2,56%, og kann það að vera skýring á einhverjum hluta þessarar aukningar. Breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar gætu einnig skipt máli þar sem lyfjaávisunum fjölga með hækkandi aldri.

### Úrsagnagrunnar

Samkvæmt lögum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðisviði, nr. 139/1998, annast Landlæknisembættið skráningu úrsagna úr gagnagrunninum. Skráning hófst árið 2000 og bárust fjölmargar úrsagnir fyrsta árið. Þrátt fyrir að miðlægur gagnagrunnur hafi enn ekki litið dagsins ljós hjá rekstrarleyfishafa bætast árlega við nokkrar úrsagnarbeiðnir. Í árslok 2009 höfðu 20.510 úrsagnir verið



Frá undirskrift samnings um rekstur og hýsingu Vistunarmatsskrár 2. febrúar 2009.

Frá vinstri. Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika, Matthías Halldórsson landlæknir og Bjarni Þór Björnsson, tæknilegur framkvæmdastjóri Stika.

skráðar hjá embættinu en einn einstaklingur hafði afturkallað úrsögn sína.

Úrsagnir úr lífsýnasöfnum eru skráðar hjá Landlæknisembættinu, í samræmi við lög um lífsýnasöfn nr. 110/2000. Í árslok 2009 höfðu 249 úrsagnir verið skráðar í þann gagnagrunn.

### Umsóknir um aðgang að gögnum úr heilbrigðisskrám

Á miðju ári 2008 gaf Landlæknisembættið út á vefsetri sínu leiðbeiningar vegna umsókna um aðgang að úrtaki gagna úr heilbrigðisskrám landlæknis. Enn fremur var útbúið sérstakt eyðublað sem rannsakendur þurfa að fylla út hyggist þeir sækja um aðgang að gögnum úr heilbrigðisskrám embættisins. Umsóknum um aðgang að gögnum vegna rannsókna fjölgaði mikið á árinu 2009, einkum umsóknum um aðgang að gögnum úr lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins.

### Starfsgreinaskrár

Landlæknisembættið heldur rafrænar skrár um fjórar heilbrigðisstéttir. Í skránum er að finna upplýsingar um alla lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður sem hafa leyfi til að starfa á Íslandi. Læknaskrá inniheldur auk þess upplýsingar um læknanema og læknakandidata sem fengið hafa læknanúmer, ásamt upplýsingum um tíma- bundin lækningaleyfi.

Upplýsingum úr starfsgreinaskrá er dreift til heilbrigðisstofnana og lyfjaverslana einu sinni í mánuði. Þær nýtast m.a. við skráningu á heilbrigðisstofnunum, við eftirlit og til tölfræðilegrar greiningar.

Í árslok 2009 voru lækna með leyfi til að starfa á Íslandi alls 2.092 og tannlækna voru 373. Alls höfðu 4.281 hjúkrunarfræðingar leyfi til að starfa á Íslandi í árslok 2009 og 448 ljósmæður. Tölur þessar segja ekki til um hversu margir voru starfandi í hverri stétt á árinu öllu.

### Vistunarmatsskrá

Vistunarmatsskrá er rafrænt upplýsingakerfi til að skrá og geyma vistunarmatsupplýsingar og ber landlæknir ábyrgð á skránni. Í Vistunarmatsskrá eru skráðar upplýsingar um félagslegar aðstæður og heilsufar aldara sem óska eftir vist á öldrunarstofnun (bæði í dvalar- og hjúkrunarrými). Helstu skráningaratriði eru kennitala, lögheimili, dagsetning mats, félagslegar aðstæður, líkamlegt og andlegt atgervi, færni, sjúkómar, stigafjöldi úr mati, tegund rýmis, flokkun á þörf og óskir um vistunarstað. Skráin inniheldur upplýsingar frá og með árinu 1992.



Frá 1. janúar 2008 hefur skráning á vistunarmati vegna hjúkrunarrýma verið í höndum sjö vistunarmatsnefnda á vegum Landlæknisembættisins sem hafa aðsetur hver í sínu heilbrigðisumdæmi. Mats hópar á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins skrá vistunarmat fyrir dvalarrými í Vistunarmatsskrá.

Á árinu 2009 var vistunarmat skráð fyrir 1193 einstaklinga og hafði þeim fjölgað litillega frá árinu áður úr 1156, eða um 3,2%. Á biðlista eftir hjúkrunarrými voru 194 í árslok 2009, en árið áður voru 392 á biðlista í árslok og hafði því fólki á biðlista fækkað um nær 50% (sjá nánar í kafla II, bls. 16–17).

Í febrúarbyrjun undirritaði Landlæknisembættið samning við fyrirtækið Stika um rekstur og hýsingu Vistunarmatskrár. Með samningnum tekur Stiki að sér að annast rekstur, hýsingu og þjónustu Vistunarmatskrár með það að markmiði að tryggja áfram stöðugan rekstur skrárinnar.

### Birting heilbrigðisupplýsinga

#### Heilsuvefsjá – vöruhús heilsufarsgagna

Í mars 2009 opnaði landlæknir nýja upplýsingaveitu er nefnist Heilsuvefsjá. Um er að ræða nýjan, sjálfstæðan vef á vegum Landlæknisembættisins, [www.heilsuvefsja.is](http://www.heilsuvefsja.is), sem veitir beinan aðgang að upplýsingum úr svokölluðu vöruhúsi heilsufarsgagna. Unnið hafði verið að gerð Heilsuvefsjár á árunum 2008 og 2007. Með opnun Heilsuvefsjár var fyrsta áfanga verkefnisins lokið. Heilsuvefsjá veitir aðgang að upplýsingum um öldrunarmál og öldrunarþjónustu, en síðar verður bætt við fleiri flokkum upplýsinga á sviði heilbrigðisþjónustu. Heilsuvefsjain er ætluð jafnt stjórnvöldum, stofn-



Á meðfylgjandi mynd, sem tekin var við opnun Heilsuvefsjár 11. mars 2009, eru nokkur þeirra sem unnu að gerð Heilsuvefsjár. Frá vinstri: Svanhildur Þorsteinsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir og Lilja Bjarklind Kjartansdóttir, allar hjá Landlæknisembættinu, Stefán Guðlaugsson, Samsýn, Ásta Emma Ingólfsdóttir, Kögun, og Sólvi Þór Bergsveinsson, Samsýn.


unum, heilbrigðisstarfsmönnum og almenningi. Upplýsingar í Heilsuvefsjá eru settar fram á kortum og í töflum, sem gerir samburð milli sveitarfélaga og landshluta auðveldan. Talsverður sveigjanleiki er í birtingu upplýsinganna og geta notendur t.d. valið að skoða gögnin eftir árum, aldursbilum, kyni og jafnvel eftir stofnunum.

Í Heilsuvefsjá er nú unnt að kalla fram upplýsingar um aðgengi, framboð og notkun á þjónustu fyrir aldraða ásamt upplýsingum um fjölda aldraðra, m.a. um:

- Hlutfall aldraðra af heildarmannfjölda
- Hlutfall aldraðra á öldrunarstofnunum
- Fjölda á biðlista eftir hjúkrunarrýmum
- Dvalartíma aldraðra á öldrunarstofnunum
- Rými á öldrunarstofnunum
- Fjölda samskipta aldraðra við heilsugæslu
- Fjölda lega aldraðra á sjúkrahúsum
- Hægt er að greina upplýsingarnar eftir aldri, stofnun og tegund rýmis.

Upplýsingarnar koma frá fleiri en einni stofnun, þ. á m. Landlæknisembættinu, Hagstofu Íslands, heilbrigðisráðuneytinu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Samstarfsaðilar verkefnisins, auk Landlæknisembættisins, eru heilbrigðisráðuneytið, Kögun hf. og Samsýn ehf. Kögun hf. sá um hönnun og tæknilega útfærslu vöruhússins en Samsýn ehf. hannaði og útfærði viðmót vefsjarinnar.



## Talnabrunnur

Þriðji árgangur *Talnabrunns - Fréttabréfs landlæknis um heilbrigðistólfræði* kom út á árinu 2009, alls 11 sinnum. Fréttabréfið er sameiginlegur vettvangur fyrir talnaefni frá embættinu á öðrum sviðum en á sóttvarnasviði, þar sem gefið er út sérstakt fréttabréf. Útgáfa *Talnabrunns* hófst í október 2007, en því er ætlað að vera til viðbótar því talnaefni sem embættið gefur út, fyrst og fremst á vef embættisins.

## Flokkunarkerfi

Flokkunarkerfi eru notuð til að samræma skráningu og vinnslu heilbrigðistólfræði og er yfirumsjón með þeim hjá landlækni. Löng hefð er fyrir notkun alþjóðlegra flokkunarkerfa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hér á landi. Fyrirmæli landlæknis um notkun flokkunarkerfa skilgreina hvað og hvernig skýlt er að skrá.

Samstarfi Landlæknisembættisins og heilbrigðisráðuneytis á grundvelli samnings um þróunarverkefni flokkunarkerfa vegna heilbrigðisnets var haldið áfram árið 2009. Verkefnisstjóri annast útgáfu og rafræna birtingu flokkunarkerfa samhliða því að bæta gæði og notagildi skráningar. Rafræn útgáfa flokkunarkerfa leysir í æ ríkari mæli af hólmi prentaðar útgáfur þeirra og auðveldar það uppfærslur til mikilla muna.

### Uppfærslur á árinu 2009

1. *ICD-10 sjúkdómaflokkunarkerfið*. Skrár flokkunarkerfisins voru í fyrsta sinn birtar bæði á ensku og íslensku ásamt þeim skýringartextum sem tilheyra prentuðu útgáfunni.
2. *NCSP-aðgerðaskráningarkerfið*. Sama snið og er á ICD-10 var tekið upp árið 2008 og uppfært þannig.
3. *NCSP-IS*, ítarlegri útgáfa af NCSP en án skýringartexta, var gefin út í byrjun júní. Að auki voru nauðsynlegar útgáfur til uppfærslu fyrir NordDRG flokkara 2010 sendar Norræna skráningarsetrinu.

### Endurskoðanir á árinu 2009

*NCSP-IS landsútgáfan* var endurskoðuð á árinu í samstarfi við stærsta notanda þess flokkunarkerfis, Landspítala, en öðrum ráðið frá því að taka NCSP-IS kerfið upp meðan stefna um framtíð þess er í óvissu.

Flokkunarkerfi fyrir skráningu hjúkrunar voru tekin til ítarlegrar endurskoðunar og var stefnt að upptöku nýs flokkunarkerfis hér á landi, byggðu á ICNP®, alþjóðlegu flokkunarkerfi Alþjóðasamtaka hjúkrunarfræðinga. Áætlað er að vinna við það hefjist á árinu 2010.

### Þýðingar

Stefna embættisins er að þýða á íslensku öll flokkunarkerfi sem mælt er fyrir um notkun á. Öllum uppfærslum flokkunarkerfa fylgir því talsverð þýðingarvinna sem unnin er við embættið í samráði við fagfólk og stofnanir á hverju sviði. Þrátt fyrir þessa stefnu var tekin sú ákvörðun að láta þýðingar ekki teyja útgáfu, ef rafræn útgáfa á frummáli er möguleg áður en þýðing er fullgerð.

Fyrstu drög að þýðingu hugtaka í ICF (*International Classification of Functioning, Disability and Health*), flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um færni og fötlun, voru birt á vefnum [www.skafli.is](http://www.skafli.is) til að kalla eftir samráði og rýni frá fagaðilum sem hafa hug á að nota kerfið. Útgáfa ICF á prenti var áætluð síðla árs 2009, en henni seinkaði.

### Vefbirting flokkunarkerfa

Rafræn útgáfa flokkunarkerfa á vef Landlæknisembættisins er í stöðugri þróun og hefur vefbirting á vefnum [www.SKAFI.is](http://www.SKAFI.is) verið mesta viðbótin, en vefurinn var opnaður haustið 2008. SKAFI.is var kynntur víða á árinu, m.a. á Læknadögum 2009, og jókst notkun hans jafnt og þétt. Talningar síðari hluta árs 2009 sýndu að á 7 mánaða tímabili höfðu yfir 2000 manns prófað vefinn og margir orðnir fastagestir.

## V. KVARTANIR TIL LANDLÆKNIS

### Kvörtunarleiðir

Samkvæmt lögum um landlækni nr. 41/2007 er landlækni skylt að sinna erindum er varða samskipti almennings við þá sem veita heilbrigðisþjónustu. Hlutverk landlæknis er einungis að gefa faglegt álit á málum og sé sá sem kvartar ekki sáttur við niðurstöður landlæknis er heimilt að kæra málsmeðferðina til heilbrigðisráðherra.

Almenningur hefur margar fleiri leiðir til að kvarta yfir veitendum heilbrigðisþjónustu. Auk þess að geta snúið sér til landlæknis er hægt að kvarta beint til þess læknis eða heilbrigðisstarfsmanns sem meðhöndlaði sjúklinginn eða þá til viðkomandi yfirlæknis eða framkvæmdastjóra lækninga. Enn fremur er hægt að leita með kvörtunarefni til framkvæmdastjóra eða stjórnar stofnunar þar sem þjónustan var veitt. Loks getur almenningur snúið sér til sjúklingatryggingar eða til dómstóla, ef allt um þrýtur.

### Kvartanir og kærur árið 2009

Alls bárust 237 kvartanir til landlæknis árið 2009, en þær voru 282 árið 2008 og 274 árið 2007. Málin sem um er að ræða eru misjafnlega umfangsmikil og alvarleg, allt frá hnökrum í samskiptum til alvarlegra mistaka.

Kvörtun, eða kæra ef því er að skipta, er því aðeins skrásett að Landlæknisembættið taki málið til formlegrar athugunar. Að jafnaði er erindi ekki skráð ef unnt er að leysa það með einföldum hætti, t.d. gegnum síma eða með leiðbeiningum til viðkomandi um hvert skuli snúa sér varðandi álitamál.

Afgreiðsla kvörtunarmála tekur mislangan tíma, allt að ári eða lengur í undantekningartilfellum, enda þótt kappkostað sé að hafa afgreiðslufrest sem stystan.

Tafla 1. Kvartanir 2009 eftir tilefni

Röng meðferð	36
Ófullnægjandi meðferð	36
Aðgengi að heilbrigðisþjónustu	17
Sjúkraskrá	12
Samskiptaörðugleikar milli heilbrigðisstarfsmanns og sjúklings	17
Áfengis- eða lyfjanotkun heilbrigðisstarfsmanns	6
Læknisvottorð	16
Ófullnægjandi eftirlit	7
Röng greining	12
Trúnaðarbrot	3
Ófullnægjandi upplýsingar	4
Samskiptaörðugleikar heilbrigðisstarfsfólks	1
Óljóst tilefni	1
Órökstuddar kvartanir	0
Örorkumat	3
Heilbrigðisstarfsmaður fer út fyrir verksvið sitt	3
Skottulækningar	0
Önnur atriði	57
<b>Alls</b>	<b>237</b>

Röng eða ófullnægjandi meðferð var tilefni flestra kvartana árið 2009 eins og verið hefur mörg undanfarin ár (sjá töflu 1). Af kvörtunarþolum beindust flestar kvartanir að Landspítala, eða 58, en það er fækkun miðað við 2008 og 2007. Flestar kvartanir voru á hendur bráða- og slysalækninga-

deild (15), geðdeild (10), lyflækningadeild (10) og skurðlækningadeild (8). Kvartanir á hendur einkastofum lækna voru 44 og fækkaði þeim umtalsvert frá árinu áður, þegar þær voru 71, en fjöldinn var svipaður og árið 2007 þegar 49 kvartanir bárust.

Ef litið er á kvartanir og kærur eftir sérgreinum,

<b>Tafla 2. Helstu svið sem kvartað var yfir árið 2009, óháð starfs- grein og stofnun</b>	
Heimilislækningar	33
Geðlækningar	18
Bæklunarskurðlækningar	16
Skurðlækningar og undir- greinar þeirra	12
Lyflækningar og undirgreinar ásamt taugasjúkdómum	29
Öldrunarlækningar og hjúkrun	9
Bráða- og slysalækningar	20
Kvensjúkdómar, meðganga og fæðing	16
Tannlækningar	4
Háls-, nef- og eyrnalækningar	2
Svæfing og gjörgæsla	2
Augnlækningar	3
Barnalækningar	2
Húð- og kynsjúkdómar	2
Aðrar sérgreinar	2
Á ekki við/annað	67
<b>ALLS</b>	<b>237</b>

óháð því hvort um var að ræða tilvik á stofnun, einkastofu eða annars staðar, beindust flestar að heimilislækningum (33), lyflækningum og undirgreinum þeirra (29), bráða- og slysalækningum (20) og geðlækningum (18) (sjá töflu 2).

### Niðurstöður og aðgerðir

Í byrjun febrúar 2010 höfðu fengist niðurstöður í 168 málum, en 69 málum frá 2009 var þá enn ólokið. Af þeim málum sem lokið var höfðu 59 verið staðfest að hluta eða öllu leyti.

Þegar máli er lokið þarf að íhuga hvort ástæða sé til aðgerða af hálfu Landlæknisembættisins. Alvarlegasta aðgerðin sem embættið beitir er lögformleg svipting starfsleyfis, með eða án undargenginnar áminningar. Einn heilbrigðisstarfsmaður var sviptur starfsleyfi árið 2009 en tveimur veitt lögformleg áminning. Aðfinnslur frá landlækni voru 18. Vægasta aðgerð sem Landlæknisembættið beitir, ábending um það sem betur mætti fara, var úrskurðuð í 36 tilvikum. Í 104 málum (62%) þótti ekki ástæða til neinnar aðgerðar (sjá töflu 3).

<b>Tafla 3. Kvartanir og kærur 2009. Aðgerðir í kjölfar afgreiðslu</b>	
Ábending	36
Aðfinnsla	18
Lögformleg áminning	2
Leyfissvipting	1
Engin aðgerð	104
Annað	7
Ólokið í febrúar 2010	69
<b>ALLS</b>	<b>237</b>

## VI. HEILSUVERND OG FORVARNIR

Landlæknisembættið hafði á árinu 2009 með höndum stefnumótun og ráðgjöf til stjórnvalda á sviði lýðheilsu, s.s. heilsuverndar og forvarna, eins og verið hefur um langa hríð. Á vegum embættisins var m.a. unnið að gerð leiðbeininga á því sviði í samstarfi við sérfræðinga á öðrum stofnunum og við háskólana í landinu. Landlæknisembættið er einnig í samstarfi við Lýðheilsustöð um fyrsta stigs forvarnir og heilsueflingu. Situr landlæknir í Landsnefnd um lýðheilsu og skipar einn fulltrúa í hvert sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar lögum samkvæmt, en þessi ráð eru áfengis- og vímuvarnararáð, manneldisráð, slysavarnaráð, tannverndarráð og tóbaksvarnararáð.

### Breytingar á ung- og smábarnavernd

Ákveðið var að taka upp breytt fyrirkomulag á skoðunum í ung- og smábarnavernd. Í stað skoðana við 3½ og 5 ára aldur verða þær gerðar við 2½ og 4 ára aldur barnsins. Einnig voru samhliða tekin í notkun ný tæki til að meta þroska barna. Breytingarnar voru eðlilegt framhald þess að gefnar voru út nýjar leiðbeiningar um ung- og smábarnavernd.

### Nýjar leiðbeiningar um ung- og smábarnavernd

Nýjar leiðbeiningar um ung- og smábarnavernd voru gefnar út í september á vef Landlæknisembættisins í formi handbókar. Bókin er endurskoðun á handbók með leiðbeiningum um ung- og smábarnavernd sem var gefin út árið 1996. Drög að þessari handbók voru birt á vefnum í október 2008 og bárust margar gagnlegar athugasemdir sem tekið var tillit til. Handbókin var eingöngu gefin út í rafrænu formi.

Til að meta almennan þroska barna var ákveðið að nota tíu staðlaðar spurningar til foreldra (PEDS) í 18 mánn, 2½ árs og 4 ára skoðun. Auk þessa var ákveðið að leggja fyrir 2½ árs og 4 ára börn

**PEDS MATSBLAÐ FORELDRA**

Nafn barns: \_\_\_\_\_ Nafn foreldris: \_\_\_\_\_  
Fælingudagur barns: \_\_\_\_\_ Aldur barns: \_\_\_\_\_ Dagssetning: \_\_\_\_\_

- Vinsamlegast teldu upp allar efasemdir um eða áhyggjur af námagetu, þroska og hegðun barns þíns.
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt talar eða myndar hjóð?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt skilur það sem þú segir?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt notar hendur sínar og fingur við að gera hluti?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt notar handleggja sína eða fótleggja?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt hegðar sér?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af samskiptum bamsins við aðra?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt lærir að hjálpa sér sjálf?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Hefur þú einhverjar áhyggjur af því hvernig bamið þitt tileinkar sér þá læmi sem ætlast er til í leikskóla eða skóla?  
 Nei  Já  Svo lítill **ATHUGASEMDIR:**
- Vinsamlegast teldu upp allar aðrar áhyggjur.

Gerðu kross í viðeigandi reili og svaraðu spurningunum. Notaðu bakhlíð blaðsins ef þú dugur ekki fyrir athugasemdir.

© 2009 Frances Page Glascoe. Íslensk þýðing og útgáfa á vegum Námsmatsstofnunar og Landlæknisembættisins, unnið í samstarfi við Miðstöð heilsuverndar barna. (www.namsmat.is, Borgartún 7A, 105 Reykjavík. Sími: 550-2400). Fjalltíðun er með öllu óheimil.  
020203-0079-0001-4-1

Með nýju leiðbeiningunum um ung- og smábarnavernd eru tekin upp ný skimunartæki fyrir þroskaskimun barna þegar þau koma í 18 mánaða, 2½ árs og 4 ára skoðun. Annað þessara tækja heitir PEDS, Mat foreldra á þroska barna (*Parents' Evaluation of Developmental Status*) og byggist á að foreldrar svara 10 spurningum um þroska og hegðun barna sinna. Fagfólk les síðan úr svörum og túlkar niðurstöðurnar. Hér að ofan er mynd af PEDS spurningalistanum sem notaður er við skimunina.

stöðluð verkefni (BRIGANCE) til að meta almenna getu þeirra og þroska. Markmiðið með þessum breytingum er að tryggja samræmd vinnuferli við mat á þroska ungra barna og úrlausn með snemmtækri íhlutun ef grunur vaknar um frávík.

Landlæknisembættið telur að þessar breytingar og ný skimunartæki stuðli að enn betri þjónustu í ung- og smábarnavernd. Vitað er að þessi þjónusta er vel metin af foreldrum.

Handbókin var unnin sem samstarfsverkefni Landlæknisembættisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ritstjórn skipuðu Anna Björg Aradóttir, yfirhjúkrunarfræðingur á Landlæknisembættinu, Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna, og Sesselja Guðmundsdóttir, sviðsstjóri á Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

### Ýmis samstarfsverkefni um forvarnir og lýðheilsu

#### Samstarf við Lýðheilsustöð

Eins og ætíð hefur embættið margvíslegt samstarf við Lýðheilsustöð um verkefni á sviði forvarna. Einkum hafa þau beinst að geðheilbrigði, áfengis- og vímuevrum, tóbaksvörnum, mataræði, hreyfingu og tannvernd. Lúta þau að samstarfi um tiltekin verkefni, rannsóknir, upplýsingamiðlun og leiðbeiningar.

#### Ljósabekkjanotkun fermingarbarna

Sjötta árið í röð stóð embættið ásamt fleiri stofnunum fyrir fræðsluherferðinni „Hættan er ljós“. Átakinu var sem fyrr beint að fermingarbörnum og foreldrum eða forráðamönnum þeirra til að benda á hættuna sem fylgir því að ungt fólk stundi ljósabekki. Samstarfsaðilar herferðarinnar eru Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Lýðheilsustöð og Landlæknisembættið.

Í kjölfar fræðsluherferðanna á liðnum árum hefur dregið úr ljósabekkjanotkun ungs fólks og nokkrar sveitarstjórnir eru hættar að bjóða upp á sólböð í ljósabekkjum í íþróttamannvirkjum sínum. Með herferðinni var stefnt að því að draga enn frekar úr ljósabekkjanotkuninni.

#### Nýr heilsuvefur – fræðsla fyrir börn, unglunga og foreldra

Heilsuvefurinn [www.6h.is](http://www.6h.is) var opnaður á árinu. Nafnið á vefnum visar til sex hugtaka sem byrja öll á bókstafnum H og mynda umgjörð um verkefnið *6H heilsunnar*. Þetta eru hugtökin: **h**ollusta, **h**reyfing, **h**amingja, **h**ugrekki, **h**vild og **h**reinlæti

Á nýja heilsuvefnum er að finna fræðsluefni fyrir börn, unglunga og foreldra sem samið er af fagfólki. Mjög mikilvægt er að upplýsingar um heilsu og þætti sem hafa áhrif á hana séu áreiðanlegar og markmiðið með vefnum er að börn, unglingar og foreldrar eigi greiðan og auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum.



Forsíða heilsuvefjarins [www.6H.is](http://www.6H.is)

Heilsuvefurinn [www.6H.is](http://www.6H.is) er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Lýðheilsustöðvar, Landspítala og Landlæknisembættisins.

### Sjálfsvígsforvarnir Þjóð gegn þunglyndi

Verkefninu *Þjóð gegn þunglyndi* var hleypt af stokkunum árið 2002 með það að markmiði að draga úr tíðni sjálfsviga á Íslandi, í upphafi með sérstakri áherslu á sjálfsvíg ungra karlmannna en síðan hefur verkefnið eflst og orðið víðtækara. Samvinna og samstarf við ýmsar stofnanir og félagasamtök hafa stóraukist á síðastliðnum árum og þar með komið ný sjónarhorn inn í verkefnið.

Áherslur hafa verið tvíþættar, annars vegar að auka færni og þekkingu fagfólks á þunglyndi og sjálfsvígum og hins vegar að efla þekkingu almennings á þunglyndi og sjálfsvígshegðun og draga þannig úr fordómum.

#### Fræðsla fyrir fagfólk

Fræðsla og þjálfun fyrir fagfólk byggðist aðallega á námskeiðahaldi og umræðum í öllum heilsugæslu-umdæmum á landinu fyrir fagfólk frá hinum ýmsu stofnunum samfélagsins.

#### Grunnnámskeið og sérþjálfun til kennslu

Haldið var áfram með grunnnámskeið á vegum Þjóðar gegn þunglyndi. Þau sóttu læknar,

hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, prestar og lögregla, auk náms- og starfsráðgjafa og kennara

„Train the Trainers“ er þjálfun ætluð fagfólki í hverju heilsugæsluumdæmi og ýmsum stofnunum samfélagsins til að það geti síðan tekið að sér fræðslu um þunglyndi og sjálfsvígshættu á sínu landsvæði eða stofnun. Markmiðið er að flytja sérþekkingu sem mest út í grasrótina og í því skyni fengu allir þátttakendur geisladisk með efni úr báðum námskeiðum sem þeir gátu unnið áfram með og má því vænta mikilla margfeldisáhrifa.

#### Samtalstækni

Áfram var boðið upp á námskeið á vegum geðsviðs LSH í hugrænni meðferð fyrir þá sem vinna á heilsugæslu og til stóð að bjóða slík námskeið fyrir fleiri faghópa. Þess má geta að geðsvið LSH hefur gert samning við nokkrar heilsugæslustöðvar á landsvísu um að sálfræðingar á þeirra vegum haldi námskeið fyrir notendur heilsugæslustöðva.

Einnig var boðið upp á stutt námskeið í lausnar- miðaðri nálgun fyrir hjúkrunarfræðinga.

#### Beardslee fjölskyldustuðningur

Á geðdeild LSH var aftur komið á fót eins árs námi fyrir fagfólk með það að markmiði að þjálfa starfsfólk á geðsviði í að beita kerfisbundnum stuðnings- úrræðum fyrir börn sem búa við þau skilyrði að annað eða báðir foreldrar þjást af geðrænum vanda. Áður höfðu 18 manns, þverfaglegur hópur af geðsviði LSH, lokið slíkri þjálfun 2008.

Í starfi þessu er unnið eftir kenningum W. Beardslee og Tytti Solantaus, sem bæði eru barna- geðlæknar.

#### Önnur námskeið og fyrirlestrar

Einnig voru haldin nokkur sérnámskeið fyrir faghópa, nema og sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum sem vinna m. a. við 1717 hjálparlínuna.

Ýmsir aðilar hafa beðið um styttri fyrirlestra um þunglyndi og eða sjálfsvígisatferli og hefur ávallt verið brugðist við því.

Á árinu var töluvert leitað til embættisins frá grunn- og framhaldsskólum og má að líkindum rekja það til vefsins [www.umhuga.is](http://www.umhuga.is) sem *Þjóð gegn þunglyndi* hefur haft yfirumsjón með, en það er samstarfsverkefni margra aðila.

#### Almenningsfræðsla

Skrifaðir voru pistlar í dagblöð og tímarit auk þess sem aðilar innan fagráðsins hafa farið í útvarpsviðtöl og sjónvarpsviðtöl til að ræða um geðheilbrigðismál.

Gefnir voru út bæklingar í samstarfi við Lýðheilsu- stöð og BUGL um geðheilsu barna og ungmenna og einnig fyrir foreldra.

Þá voru flutt erindi á ráðstefnum og þingum um þunglyndi, sjálfsvíg og aðrar geðraskanir auk fikni- sjúkdóma.

Í vaxandi mæli hefur fólk einnig haft beint samband til að fá nánari upplýsingar út frá lestri sínum á netinu er varðar þunglyndi og sjálfsvígshættu. Á vef landlæknis er til dæmis hnappur merktur *Þjóð gegn þunglyndi* þar sem er að finna margvíslega fræðslu um þessi efni sem fólk nýtir sér í ríkum mæli.

#### Geðheilsa og geðvernd

Í tilefni alþjóðadags sjálfsvígsforvarna 10. septem- ber stóð Landlæknisembættið í félagi við Biskupsstofu, geðsvið LSH og félagasamtök fyrir kyrrðarstund í Dómkirkjunni og kertaflýtingu á Tjörninni fyrir aðstandendur þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi.

Í tilefni alþjóðageðheilbrigðisdagsins 10. október gekkst Landlæknisembættið í félagi við fleiri stofn- anir og félagasamtök fyrir fræðslu og skemmtidegi í Mjóddinni þar sem notendur geðheilbrigðis- þjónustunnar og fagfólk flutti stutta fyrirlestra auk þess sem skemmtikraftar komu fram. Einnig voru þar kynningarbásar þar sem ýmsir aðilar kynntu starfsemi sína.

#### Erlent samstarf

